

# Héraðsdómur Vesturlands



## D Ó M U R

16. desember 2022

mál nr. E-220/2021

**Skagaver ehf.**  
*(Leó Daðason lögmaður)*

**gegn**

**Trésmiðju Þráins E. Gíslasonar ehf.**  
*(Magnús Pálmi Skúlason lögmaður)*

**og gagnsök og til réttargæslu**

**íslenska ríkinu**  
*(Ólafur Helgi Árnason lögmaður)*

### **I. Dómkröfur, aðild og málsmeðferð**

1. Mál þetta var höfðað 1. nóvember 2021. Stefnandi, sem jafnframt er stefndi í gagnsök, er Skagaver ehf., Miðbæ 3, 300 Akranesi, og stefndi, sem jafnframt er stefnandi í gagnsök, er Trésmiðja Þráins E. Gíslasonar ehf., Garðabraut 2a, Akranesi, við útgáfu stefnu hét félagið GS Import, en hefur breytt um

nafn. Íslenska ríkinu var stefnt af stefnda til réttargæslu í málinu. Stefndi höfðaði jafnframt gagnsök gegn stefnanda með gagnstefnu birtri 25. nóvember 2021.

2. Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 24.770.549 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 5.631.150 kr. frá 28. febrúar 2021 til 31. mars 2021, af 15.016.400 kr. frá 31. mars 2021 til 30. apríl 2021, af 20.647.550 kr. frá 30. apríl 2021 til 28. maí 2021 og af 24.770.549 kr. frá 28. maí 2021 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda.

3. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

4. Gagnstefnandi gerir kröfur á hendur gagnstefnda, til skuldajafnaðar við kröfur gagnstefnda í aðalsök, að svo miklu leyti sem með þarf, en að öðru leyti til sjálfstæðs dóms fyrir 3.928.700 kr. með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 25. desember 2021 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í gagnsök úr hendi gagnstefnda.

5. Gagnstefndi krefst sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

6. Réttargæslustefndi gerir engar kröfur í málinu og engar kröfur eru gerðar á hendur honum, nema þær sem réttargæslustefnandi, stefndi í aðalsök, gerir um að réttargæslustefndi veiti sér styrk í málinu til að verjast kröfum í aðalsök, og gæti hagsmuna sinna.

7. Málinu var úthlutað dómara eftir framlagningu greinargerðar gagnstefnda í þinghaldi 5. apríl 2022. Aðalmeðferð málsins fór fram þriðjudaginn 22. nóvember 2022 og var málið dómtekið þann dag.

8. Aðilaskýrslur gáfu Sveinn Arnar Knútsson, forsvarismaður stefnanda, og Þráinn E. Gíslason, forsvarismaður stefnda. Þá gáfu skýrslu vitnin Birgir R. Reynisson og Hermann Hermannsson málarameistari. Framburðar verður getið í dómnum ef þurfa þykir.

9. Ef vísað er í dómnum til stefnanda eða stefnda án frekari skýringar er átt við aðild eins og hún er í aðalsök, jafnvel þótt til umfjöllunar séu kröfur í gagnsök.

## II. Málsatvik



14. Stefndi óskaði sem fyrr segir eftir tilboði frá stefnanda í verkþáttinn „steypuviðgerðir og endursteypa“ og í verkþáttinn „málun“. Stefndi gekk svo að tilboði stefnanda en ekki var gerður skriflegur verksamningur við stefnanda en verklýsing lá frammi og er framlögð í málinu.

15. Stefnandi hóf vinnu við verkið haustið 2020 en fljótlega kom í ljós að sögn stefnanda að magntaka vegna steypuviðgerða hafi verið ófullnægjandi sem varð til þess að verkið vannst hægar, auk þess sem vinna þurfti ýmis aukaverk. Stefnandi sendi stefnda tilkynningu vegna þessa með bréfi sem sent var í tölvuskeyti 17. september 2020.

16. Í bréfi stefnda frá 19. september 2020 kom m.a. eftirfarandi fram vegna einhvers ágreinings um magn:

„Eftirlitsaðili hefur bannað frekari sögun viðgerða þar til magntaka liggja fyrir og mun eftirlitsaðili verksins hér eftir merkja þær viðgerðir sem verkkaupi óski eftir að verði unnar.“

17. Síðar segir:

„BRR ítrekar að þar sem tvö eða fleiri járn séu í sömu viðgerð verði ekki greitt 2x (eða 3x, 4x, 5x, o.s.frv..) lágmarkseining fyrir þá viðgerð enda ekki um fleiri en eina viðgerð að ræða í slíkum tilvikum. Fundinn verður sanngjarn grundvöllur til uppgjörs þar sem vinna er óneitanlega meiri en rúmast innan verklýsingar.“

18. Stefnandi svaraði bréfi stefnda þann 20. september 2020 á þann veg að starfsmenn hefðu lagt sig fram við að fylgja fyrirmælum aðalverktaka varðandi skipulag vinnu og magntöku á steypuviðgerðum utanhúss. Jafnframt kom fram að stefnandi hefði fylgt fyrirmælum stefnda um að framkvæma ekki frekari viðgerðarvinnu fyrr en eftirlitsmaður hefði merkt upp þær viðgerðir sem ætti að framkvæma.

19. Í framangreindu bréfi stefnanda er einnig vikið að breytingum sem höfðu átt sér stað á verklýsingu en alhreinsun veggja með málningaruppleysi var breytt í bollaslípun með slípirokkum í samræmi við fyrirmæli eftirlitsmanns. Þá var óskað eftir upplýsingum um hvaða einingasamskeyti ætti að þetta samkvæmt verklið S.02.001 og Rb.02.100 í verklýsingu en mjög bagalegt væri fyrir stefnanda að það lægi ekki fyrir þegar mánuður væri liðinn af verktímanum.

20. Skrifleg staðfesting um breytta verklýsingu kom þó aldrei frá stefnda að sögn stefnanda en reikningur stefnanda nr. 11641 vegna bollaslípunar var hins vegar greiddur athugasemdalaust af hálfu stefnda.

21. Þann 15. október 2020 ítrekaði stefnandi bréf sitt til stefnda og skoraði á stefnda að leggja fram skriflegar upplýsingar um hvernig standa ætti að útreikningi á verkþáttum stefnanda varðandi steypuviðgerðir. Þá var jafnframt ítrekuð fyrirspurn um það hvaða fyrirmælum stefnandi hafi ekki fylgt frá eftirlitsmanni um skipulag vinnu og magntöku á múrviðgerðum sem vísað var til í fyrra bréfi frá 19. september.

22. Með bréfi 27. október 2020 ítrekaði stefnandi kröfur sínar vegna steypuviðgerða og óskaði eftir að reikningsgrunnur fyrir viðgerðarvinnu steypuskemmda yrði lagður fram svo að unnt væri að taka afstöðu til þeirra breytinga. Jafnframt vísaði stefnandi til þess að umfang steypuskemmda virtist ætla að verða verulega umfangsmeiri en útboðsgögn gerðu ráð fyrir og óskaði eftir að rætt yrði um breytt einingarverð til hækkunar og lengingar verktíma. Þarna var nokkuð liðið á verktímann en miðað við gögn málsins lauk vinnu stefnanda við verkið að mestu leyti að því er virðist um hálfum mánuði síðar.

23. Á fyrsta verkfundi þann 19. ágúst 2021, eftir að stefnandi hafði nýhafið störf, var bókað að eftirlitsaðili vildi fá tækifæri til að fylgjast með umfangi múrviðgerða og yrði verktaki var við aukningu á magntölum skyldi hann strax tilkynna það til eftirlitsaðila. Stefndi telur að stefnandi hafi ekki fylgt þessum fyrirmælum heldur unnið verkið á ómarkvissan hátt og framkvæmt múrbrot ýmist á daginn, kvöldin eða um helgar, sem hafi kostað ónæði og þar með ítrekaðar athugasemdir frá verkkaupa sem og nágrönnum, til að mynda hafi verið bókað í verkfundargerð þann 3. september 2021 að múrari hafi verið sendur í burtu af kennara vegna hávaða fyrr í þeirri viku.

24. Á þriðja verkfundi þann 17. september 2020 bókar eftirlitsaðili verksins að stefnandi hafi ekki farið að fyrirmælum eftirlitsaðila varðandi skipulag vinnu og magntöku á múrviðgerðum. Eftirlitsaðili hafi bannað frekari sögunarviðgerðir þar til magntaka lægi fyrir og myndi eftirlitsaðili verksins hér eftir merkja þær viðgerðir sem verkkaupi óskaði eftir að yrðu unnar. Það var gert í þeim tilgangi að reyna að koma í veg fyrir of mikið umfang verksins. Á sama fundi var óskað eftir því að stefndi myndi magntaka múrviðgerðir.

25. Á verkfundi þann 1. október 2020 var bókað að eftirlitsaðili og stefndi hefðu magntekið hlið 29-

31. Á sama fundi upplýsti eftirlitsaðili að hann hefði fengið upplýsingar um að stefnandi hafi verið að magntaka sömu viðgerðir deginum áður og kallaði hann eftir magntökublöðum hans. Hvorki stefndi né eftirlitsaðili voru að sögn stefnda boðaðir í þá magntöku stefnanda og magntökublað stefnanda aldrei afhent.

26. Í útboðs- og samningsskilmálum fyrir verkið, sem stefndi byggir á að hafi gilt en stefnandi síður, var tiltekið í grein 0.5.5, um greiðslur og reikningsskil, að greiðsluliðir skyldu reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skyldi koma fram fyrir hvaða liði væri verið að innheimta hverju sinni. Þrátt fyrir þetta sendi stefnandi að sögn stefnda einungis einn framvindureikning nr. 11628. Aðrir reikningar hafi ekki verið í samræmi við framvindu og hafi ekki verið sendir stefnda fyrir en með innheimtuviðvörðun í júní 2021.

27. Á verkfundi 2. nóvember 2020 bókar eftirlitsmaður að hann telji að ekki verði hægt að klára múrviðgerðir og málun fyrir veturinn. Þá upplýsti eftirlitsmaðurinn að stefnandi hafi farið of geyst af stað í að brjóta upp viðgerðir á máluðum hliðum hússins og hann hafi ekki farið eftir skýrum fyrirmælum eftirlitsaðila hvað varðar að vinna skipulega að múrviðgerðum á öllum hliðum hússins. Tók eftirlitsaðili fram að eftir að hann bannaði stefnanda frekari brotvinnu, vegna skipulagsleysis og vandræða stefnanda við að sinna verkinu á þann hátt sem hann hafði fengið fyrirmæli um, var einungis óskað eftir því að stefnandi myndi brjóta upp þær múrskemmdir sem voru sjáanlegar á máluðum hliðum og ekkert annað. Eftirlitsmaður bókaði að miðað við útlit þessara hliða nú hafi stefnandi augljóslega farið offari í brotvinnu án þess að tilkynna eftirlitsaðila skriflega um þær magnbreytingar. Áskildi verkkaupi sér rétt til að hafna allri umframgreiðslu múrviðgerða skv. magnskrá verksins vegna þessa.

28. Þá bókaði eftirlitsmaður einnig eftirfarandi á sama fundi:

„Í ljósi þess að verktaki hefur ekki fjölgað mannskap í múrverki á staðnum er ekki hægt að vænta þess að hægt verði að mála eina einustu hlið hússins á þessu ári. BRR hefur ítrekað óskað eftir að starfsmönnum yrði fjölgað og að vinna við múrviðgerðir fari skipulega fram en án árangurs. Eitt dæmi þess er að 29.10.2020 var búið að „fíla“ helming veggflata 34-38 hússins (ofan frá) og niður á hverjum veggfleti. Hverskonar vinnubrögð eru þetta ? BRR upplýsir á að ef að óþarfa skil verða í filtun vegna þessa skipulagsleysis mun verkkaupi hafna greiðslu á grundvelli ónæggra gæða verkþáttarins.“

29. Þá var verkið byrjað að dragast vegna þess að sögn stefnda að stefnandi réði ekki menn til verksins og virtist engum treysta nema sjálfum sér til að brjóta og fylla í. Það hafi leitt til þess að stefndi hafi

ekki náð að vinna viðgerðirnar vegna kulda og hafi þá ráðið ófaglærðan aðstoðarmann til að filta vegg. Samkvæmt verklýsingu átti filtun að vera að meðaltali 2-5 mm, en reyndist að sögn stefnda ekki vera nema 1 mm eins og segi á reikningi 11636. Stefndi og einnig eftirlitsmaður verkkaupa hafi gert ítrekaðar athugasemdir við filtunina en á það hafi ekki verið hlustað. Filtun hafi að sögn stefnda verið ójöfn enda fletir ekki unnir í samfellu. Einnig hafi skil milli daga verið mjög áberandi, þannig að filta hafi þurft nánast allt að nýju. Forsvarsmáður stefnanda kannaðist við fyrir dómi í framburði sínum að á sumum stöðum hefði filtun ekki verið unnin í samfellu, þ.e. undir ákveðnum kringumstæðum.

30. Haldinn var sérstakur aukaverkfundur um stöðu múrviðgerða 4. nóvember 2020, þar sem bókaðar voru umfangsmiklar athugasemdir við stöðuna. Meðal annars að engin hlið hefði í lok október verið tilbúin til málunar. Þá var bókað um brottvísun múrara frá svæðinu 29. október, vegna skipulagsleysis, ófaglegra vinnubragða og framkomu í garð eftirlitsaðila á verkstað. Einnig var eftirfarandi bókað: „Þann 4. okt 2020 er búið að klára filteringu á hlið 1-6 og einnig var búið að ryðverja járn í opnum viðgerðum á hliðum 11-16. Var þessi vinna, óumdeilanlega unnin án heimildar.“ Þá var bókað um margvísleg vandræði í samskiptum múrara gagnvart eftirlitsaðila og að verktaki hafi í engu sinnt athugasemdum eftirlits. Undirvinna múrviðgerða var almennt talin vel unnin, þó með undantekningum sem gerðar voru athugasemdir við. Vegna skipulagsleysis múrara taldi eftirlitsaðili ekki mögulegt að fylgjast með umfangi múrviðgerða og áskildi sér rétt til að hafna umframgreiðslu á múrviðgerðarliði skv. magnskrá (heild) af þeim sökum. Á þessum fundi var bókað að stefndi hafi upplýst að múrari reiknaði með að ljúka sínum verkhluta 30. nóvember 2020 ef veður leyfði. Var samþykkt að leyfa múrara að ljúka sínu verki, en augljóst er af fundargerðinni að í lofti lá að vísa stefnanda frá verkinu.

31. Í greinargerð stefnda er efni nokkurra fundargerða eftir þetta rakið, en ekki er ástæða til að tíunda það allt hér. Þær beindust þó mikið til að hægagangi við verkið sem kæmu m.a. niður á gæðum þess.

32. Á verkfundi 19. nóvember 2020 var bókað:

„GJ upplýsir að þar sem undirverktaki GS Import við verkið hafi alls ekki farið eftir gefnum fyrirmælum hvorki frá eftirliti eða aðalverktaka og gengið mun lengra í múrbroti og viðgerðum með tilheyrandi kostnaðarauka finnst okkur eðlilegt að við höldum okkur við útboðsgögnin og það sem þar kemur fram og að magntölur verksins hljóti að standa. Það gefur auga leið að aðalverktaki verður að geta stjórnað þeim undirverktökum sem hann velur í verkin og það getur auðvitað alls ekki bitnað á verkkaupa þess í stað verður aðalverktaki að taka á slíkum málum. ÞEG bendir á að húsið hafi verið verr farið en menn gerðu sér grein fyrir í upphafi. BRR bendir á fyrri samskipti vegna málsins en ítrekar að hann hafi sent

tölvupóst á verktaka áður en að framkvæmdir hófust þar sem farið var fram á að verkið yrði unnið skipulega og það þyrfti að fylgjast mjög vel með umfangi viðgerða á staðnum.“

33. Verkhloti stefnanda frestaðist umfram áætluð verklok og var veittur viðbótarfrestur til að klára verkið til 20. júní 2021. Vorið 2021 þegar verkþáttur stefnanda átti að hefjast aftur kveður stefndi hann ekki hafa mætt og verkið því haldið áfram að dragast. Stefndi sætti sig illa við þetta enda hafi hann átt yfir höfði sér 75.000 króna dagsektir ef verkinu yrði ekki skilað 21. júní 2021.

34. Á verkfundi 11 sem haldinn var þann 5. mars 2021 var bókað af eftirlitsmanni að hann hefði sent fyrirvarsmanni stefnda póst þar sem farið var fram á að stefnandi yrði á svæðinu ef veður leyfði. Stefndi bókaði að hann hefði áframsent þann póst til stefnanda. Þá bókaði eftirlitsmaður efnislega að gæti aðalverktaki ekki fengið múrarann til að sinna verkinu þyrfti hann að finna annan til að ljúka verkinu.

35. Á 13. verkfundi, 30. apríl 2021, upplýsir fyrirvarsmáður stefnda um að stefnandi reikni með að koma á verkstað 3.-5. maí 2021. Þarna ítrekar eftirlitsmaður fyrri athugasemdir við vinnubrögð stefnanda sem hann taldi þó ekki tæmandi. Athugasemdirnar voru eftirfarandi:

- „a. Athugasemdir við skipulag vinnu múrara á verkstað.
- b. Athugasemdir við framúrkeyrslu á magntölum án þess að upplýsa verkkaupa um aukningu (0.5.8).
- c. Filtun hefur staðið óvarin í allan vetur og óhreinindi safnast í yfirborð hennar. Verktaki þarf að skola óhreinindi úr yfirborði áður en að vinna hefst.
- d. Athugasemd við þykkt og áferð filtunar – þarfnast verulegra úrbóta fyrir málun.
- e. Athugasemd við yfirborð viðgerða á flötum sem á að endurmála.
- f. Athugasemd við ryðvörn járna. Á við bæði járn sem búið er að múra yfir og önnur járn í „sárum“ sem hafa staðið opin í allan vetur.“

36. Eftir þetta eða 28. maí 2021 sendi stefndi stefnanda tölvuskeyti þar sem honum var vísað af verkinu. Þar til greindar ástæður voru þær að stefnandi hefði ekki farið að tilmælum aðalverktaka og verkkaupa um að klára viðgerðir eftir steypubrot haustið áður og klárað yfirborðsfrágang viðgerða sem þar var lýst. Væri því krafa verkkaupa sú að aðalverktaki útvegaði nýjan múrara og málara að verkinu. Benti stefndi m.a. á að erfitt hafi verið að fá stefnanda til að mæta til vinnu þegar veður hafi leyft og þegar tölvuskeytið var sent hafi verið liðnar þrjár vikur frá því að stefnandi hafi sagst ætla að

koma samkvæmt tölvuskeyti 14. apríl 2021. Bent var á að lítið sem ekkert hefði gerst frá þeim tíma og þannig ekkert gerst í múrviðgerðum og yfirborðslagfæringum á eldri viðgerðum ásamt því að verkkaupi teldi að filtun á húsinu uppfyllti ekki kröfur um þykkt skv. verklýsingu auk þess sem ekkert hefði verið gert til að bæta úr þrátt fyrir áskoranir á verkfundum. Vegna þessa óskaði stefndi ekki eftir frekara vinnuframlagi frá stefnanda og hann beðinn um að fjarlægja allt sitt efni og verkfæri sem honum tilheyrðu af vinnusvæðinu.

37. Á þeim tíma sem stefnanda var vísað frá verkinu hafði stefndi greitt til hans fjóra reikninga samtals að fjárhæð 7.066.980 kr. en þá var verkþáttum stefnanda ekki lokið. Sjálfur hafði fyrirsvarsmaður stefnanda í tölvupósti 6. maí 2021 upplýst að hann áætlaði að 6–7 vikur væru eftir af verkinu.

38. Þann 5. mars 2021 greiddi stefndi reikning nr. 11628 að fjárhæð 3.754.100 kr. vegna ryðgaðra járna og kanta, 100 metrar. Stefndi greiddi þann reikning athugasemdalaust þótt um væri að ræða umframmagn miðað við magn samkvæmt tilboðsskrá sem gerir ráð fyrir viðgerðum á 75 metrum, sbr. verklýsing Rb.02.190.

39. Þann 10. maí 2021 greiddi stefndi reikning nr. 11642 vegna háþrýstipvotts á sléttum flötum. Þann 11. maí greiddi stefndi reikninga nr. 11636 og nr. 116641. Þann 13. maí 2021 greiddi stefndi reikning nr. 11643 vegna ýmissa aukaverka í tímavinnu.

40. Stefnandi sendi stefnda innheimtuviðvörðun 9. júní 2021 vegna ógreiddra reikninga nr. 11644, 11645, 11651, 11652, 11653 og 11654 og svo innheimtubréf 30. júní. Stefndi hafnaði öllum kröfum stefnanda með bréfi 22. júlí 2021.

### **III. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda**

41. Stefnandi byggir á því að hann eigi fjárkröfu á hendur stefnda á grundvelli almennra reglna verktaka- og kröfuréttar um auka- og/eða viðbótarverk og um magnaukningar. Byggist krafan á viðskiptum hins stefnda félags við stefnanda samkvæmt framlögðum reikningum.

42. Stefnandi telur ljóst að verkið hafi reynst mun umfangsmeira og tekið breytingum af völdum atvika sem stefndi beri ábyrgð á umfram það sem stefnandi mátti vænta þegar hann bauð í umrætt verk.

43. Stefnanda hafi ekki verið annar kostur fær en að vinna verkið með þeim hætti sem hann hafi gert enda hafi verkkaupi merkt við þær viðgerðir sem stefnandi hafi átt að framkvæma. Þetta hafi haft þær afleiðingar að verkið reyndist stefnanda mun kostnaðarsamara en hann hafi mátt gera ráð fyrir þegar hann gerði tilboð sitt í verkið, en þann kostnað telur stefnandi að stefnda beri að bæta honum samkvæmt framangreindum meginreglum. Í þessu sambandi vísar stefnandi til eftirfarandi atriða:

*Magnaukning vegna ryðgaðs járns og kanta í sléttum fleti*

44. Þegar stefnandi hafi tekið að sér framangreint verk hafi legið fyrir áætlaðar magntölur frá stefnda og eftirlitsmanni verkkaupa, Verksýn. Stefnandi hafi byggt tilboð sitt á þeim magntölum. Fljótlega hafi komið í ljós að magntölur voru stórlega vanmetnar frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir, líkt og bréf stefnda frá 19. september 2020 beri með sér.

45. Í framangreindu bréfi komi fram af hálfu stefnda að sanngjarn grundvöllur yrði fundinn til uppgjors þar sem vinna væri óneitanlega meiri en rúmaðist innan verklýsingar. Hins vegar hafi því síðar verið hafnað af stefnda að greiða fyrir hið aukna magn með bréfi stefnda 22. júlí 2021, þrátt fyrir að stefndi hefði áður greitt reikning stefnanda með hærri magntölum en komi fram í tilboðsskrá. Í því sambandi vísar stefnandi til þess að reikning stefnanda nr. 11628 hafi stefndi greitt án athugasemda, þrátt fyrir að þar hafi verið krafa um greiðslu fyrir 25 metra umfram það magn sem komi fram í tilboðsskrá.

46. Stefnandi byggir aðallega á því undir þessum lið að magnaukning samkvæmt verklið nr. Rb.02.190 í magnskrá hafi numið 600,5 m<sup>2</sup> samkvæmt hans eigin útreikningum. Til frekari glöggvunar á umfangi vinnu stefnanda leggur stefnandi fram skjöl um hverja einingu fyrir sig en um 36 einingar sé að ræða í heildina ásamt mælingum á viðgerðum. Stefnandi bendir á að allar þessar viðgerðir hafi verið merktar og umbeðnar af hálfu stefnda og verkkaupa. Magntölur samkvæmt einingaskjöllum séu samtals 698,124 m en stefndi hafi þegar greitt 100 m með greiðslu á reikningi nr. 11628. Með hinum umkröfðu reikningum sé krafist greiðslu á mismuninum.

47. Vanefndir stefnda felist í því að félagið hafi ekki greitt umkrafða reikninga vegna verksins með gjalddögum 28. febrúar, 31. mars, 30. apríl og 28. maí, sbr. neðangreinda ógreidda reikninga:

Reikningur	Gjalddagi	Eining	Magn	Ein.verð	Alls
11644	28.02.21	Mtr/m <sup>2</sup>	150	37.541,-	5.631.150,-
11645	31.03.2021	Mtr/m <sup>2</sup>	250	37.541,-	9.385.250,-

11651	30.04.2021	Mtr/m2	150	37.541	5.631.150
11652	28.05.2021	Mtr/m2	50,5	37.541	1.895.821

48. Stefndi hafi hafnað framangreindum reikningum með þeim rökum að stefndi hafi hvorki samþykkt hið aukna magn, né hafi stefnandi tilkynnt stefnda um þetta aukna magn. Stefnandi byggir á því að slíkt fái enga stoð í gögnum málsins. Stefnandi bendir á að stefndi hafi sjálfur bent á það að magnaukning væri veruleg miðað við það magn sem kæmi fram í tilboðsskrá. Auk þess hafi verkkaupi bent á allar þær viðgerðir sem stefnandi vann og krafist sé greiðslu fyrir án allra athugasemda frá stefnda. Rétt sé að benda á að stefnandi tilkynnti um magnaukningar sem lágu ljósar fyrir sé miðað við samskipti aðila. Stefnda hafi því ekki getað dulist að verið væri að leggja í meiri kostnað og meiri vinnu en verklýsing gaf til kynna. Þá hafi hvílt á stefnda ákveðin frumkvæðisskylda um að hafna eða stöðva framkvæmdir hefði hann í hyggju að greiða ekki fyrir þær.

49. Stefnandi hafi því unnið verk fyrir stefnda honum til hagsbóta með tilheyrandi aukakostnaði fyrir stefnanda. Eigi stefnandi því rétt til endurgjalds fyrir þá vinnu samkvæmt almennum reglum verktaka- og kröfuréttar. Stefnandi bendir á að stefndi hafi samþykkt og viðurkennt greiðsluskyldu með samþykki í verki. Hann hafi fylgst með vinnunni en aldrei hreyft við neinum andmælum þótt stefnda hafi verið ljóst að stefnandi væri að vinna viðbótar- eða aukaverk umfram það magn sem kom fram í tilboðsskrá.

50. Þá bendir stefnandi á að almennt gildi sú regla að verði magnaukning í ákvæðisvinnuverkum sé aukningin gerð upp með einingarverðum sammings. Sé krafist greiðslu vegna magnaukningar í verkþættinum ryðgað járn og kantar í sléttum fleti í samræmi við framangreint. Stefnandi kveður reikninga sína fyrir múrviðgerðir vera eðlilega og sanngjarna, þar sem veruleg magnaukning hafi orðið vegna múrviðgerðanna.

#### *Magnaukning vegna filtunar veggja*

51. Stefnandi telur sig hafa orðið fyrir auknum kostnaði vegna magnaukningar í steypuviðgerðum og þ.a.l. í filtun viðgerða á veggjum hússins. Samkvæmt tilboðsskrá í verklið Rb. 02.005 hafi verið gert ráð fyrir 280 m<sup>2</sup> filtun veggja. Hins vegar hafi yfirborð veggflata verið talsvert veðrað sem kallað hafi á meiri efnismassa en sem nemi 2-5 mm. Til þess að bregðast við því hafi verið filtaðar tvær umferðir á veggfleti til að tryggja betur viðloðun og jafnari yfirborðsáferð. Stefnandi hafi verið beðinn um að halda utan um það aukamagn sem færi í filtun veggja.

52. Stefnandi hafi gert stefnda reikning nr. 11653 vegna þessarar magnaukningar með gjalddaga 28. maí 2021, að fjárhæð 1.360.885 kr., en um sé að ræða 230 m<sup>2</sup> á einingarverði 5.791 kr. skv. tilboðsskrá. Byggir stefnandi kröfu sína á hinum umkrafða reikningi.

53. Stefndi hafi hafnað greiðslu þessa reiknings með þeim rökum að verkliðurinn hafi aldrei verið unninn af stefnanda og hafi stefndi þurft að ráð annan aðila til að vinna þann verklið eftir að stefnanda hafi verið vísað af verkinu. Þessu hafnar stefnandi og vísar til röksemda sem komi fram varðandi magnaukningu vegna steypuviðgerða. Þess utan hafi stefndi þann 11. maí 2021 greitt reikning nr. 11636 vegna filtunar á veggjum samkvæmt þessum verklið.

54. Beri stefndi ótvíræða greiðsluskyldu samkvæmt framangreindu á umkröfðum reikningi nr. 11653 að höfuðstól 1.360.885 kr. auk dráttarvaxta líkt og krafist er.

*Steypubrot, hreinsun og förgun raufasteypu og bakfyllingar og kítispéttingar milli útveggjaeininga*

55. Stefnandi gerði stefnda reikning nr. 11654 með gjalddaga 28. maí 2021. Reikningurinn er tvíþættur en annars vegar er gerð krafa um greiðslu vegna þéttinga milli útveggjaeininga skv. verklýsingu í tilboðsskrá. Um sé að ræða verklið S.02.001. Magnaukningin hafi verið 16,2 metrar eða alls 65,2 metrar á einingarverðinu 7.990 kr.

56. Hins vegar hafi með reikningnum verið gerð krafa um greiðslu vegna steypubrots, hreinsunar og förgunar raufarsteypu milli útveggjaeininga í tímavinnu, eða 39 klst. á einingarverði 8.855 kr. Alls sé því hinn ógreiddi umkrafði reikningur nr. 11654 að fjárhæð 866.293 kr.

57. Stefnandi telur að stefndi beri ótvíræða greiðsluskyldu gagnvart sér samkvæmt hinum umkrafða reikningi nr. 11654. Í fyrsta lagi, varðandi verkliðinn bakfyllingar og kítispéttingar, þá hafi stefndi viðurkennt í bréfi 22. júlí 2021 að hann skuldi 45 metra vegna verkliðarins, og að auki telur stefnandi að stefndi beri einnig greiðsluskyldu vegna framangreindrar magnaukningar um 16,2 metra.

58. Í öðru lagi er vísað til þess að stefnandi og stefndi hafi gert með sér samkomulag um að stefnandi myndi vinna umrætt aukaverk um brot á raufarsteypu milli útveggja eininga í tímavinnu að beiðni stefnda. Stefnandi bendir á að almennt gildi sú regla að verði magnaukning í ákvæðisvinnu sé aukningin gerð upp með einingarverðum sammings. Þegar hins vegar unnin séu viðbótarverk með

verkþáttum sem ekki komi fyrir í verksamningi sé ýmist samið um einingarverð/heildarverð eða unnið við verkþáttinn í tímavinnu, líkt og hér um ræði.

59. Í þessu sambandi byggir stefnandi á að stefndi hafi þegar greitt reikning nr. 11643 vegna tímavinnu stefnanda við ýms aukaverk. Þar hafi tímagjaldið verið hið sama við aukaverk og komi fram í hinum umkrafða reikningi eða 8.855 kr. Stefnandi vísar til þess að sami háttur hafi verið hafður á varðandi hinn umkrafða reikning nr. 11654 þar sem krafist sé greiðslu á vegna aukaverks í tímavinnu fyrir sama tímagjald. Sé því ekkert hald í þeim fullyrðingum stefnda sem komi fram í bréfi lögmanns hans frá 22. júlí 2021 að aldrei hafi verið samið um tímavinnu enda unnið eftir einingarverðum. Sé það beinlínis rangt og byggir stefnandi á því að stefndi hafi þegar samþykkt vinnu í tímavinnu á fyrri stigum verksins og hafi einnig samþykkt fjárhæð hins umkrafða tímagjalds.

60. Auk framangreinds vísar stefnandi til þess, varðandi verkliðinn steypubrot, hreinsun og förgun raufarsteypu, að um hafi verið að ræða steypu sem þurft hafi að brjóta út og að raufarnar væru fleiri auk þess sem aldrei hafi verið unnt að setja þéttipulsur og úritan-kítta í raufarnar nema í tímavinnu enda ekki gert ráð fyrir slíkri vinnu í tilboðsskrá.

61. Byggir stefnandi á því að stefndi beri ótvíræða greiðsluskyldu á reikningi nr. 11654 samkvæmt framangreindu.

62. Samtals nemi umkrafin fjárhæð 24.770.549 kr. auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum aðila sé síðasti dagur þess mánaðar sem reikningur er gefinn út og sé stefnufjárhæð og dráttarvextir miðaðir við það tímamark.

#### **IV. Helstu málsástæður og lagarök stefnda**

63. Stefndi mótmælir öllum kröfum, málsástæðum og lagarökum stefnanda sem röngum og ósönnuðum.

64. Stefndi byggir á því að komist hafi á samningur milli hans og stefnanda um að stefnandi skyldi taka að sér ákveðinn hluta útboðsverks fyrir ákveðið verð, sbr. grein 3.2.4 í ÍST 30. Stefndi byggir á meginreglu samningaréttar um að samninga skuli halda. Kröfur stefnda um sýknu byggjast enn fremur á meginreglum verktakaréttar um skyldu verktaka til að skila fyrirfram ákveðnu verkefni fyrir fast gjald á umsömdum tíma. Ekki hafi verið sýnt fram á neitt sem hnekki því né samningi milli stefnanda og stefnda um hið umdeilda verk og gerður hafi verið til samræmis við þessar reglur.

65. Stefndi byggir á því að umrætt verk stefnanda hafi átt að kosta 10.603.775 kr. með virðisaukaskatti. Stefndi hefði þegar greitt 7.066.980 kr. vegna verksins til stefnanda þegar stefnanda hafi verið vísað af verkinu en þá hafi 6–7 vikur verið eftir af því. Heildarkrafa stefnanda fyrir verk sem hafi átt að kosta 10.603.775 kr. sé því nú orðin 31.837.529 kr. en sú fjárhæð sé fundin með því að leggja saman stefnufjárhæð málsins og það sem stefndi hafi þegar greitt.

66. Stefndi mótmælir því sem haldið sé fram í stefnu að umrætt verk hafi reynst umfangsmeira eða hafi tekið breytingum á þann hátt sem þar sé lýst.

67. Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi verið undirverktaki stefnda í verkinu utanhússviðgerðir við Fjölbautaskóla Vesturlands, málmiðnaðardeild, Vogabraut 5, Akranesi, sem unnið var fyrir Ríkiseignir. Hluti útboðsgagna hafi verið verklýsing dagsett í maí 2020. Verkbætti stefnanda sé lýst á bls. 20-29 í umræddri verklýsingu.

68. Stefndi bendir á að stefnandi hafi ekki haldið því fram að útboðsgögn hafi verið ófullnægjandi eða gert grein fyrir því hvers vegna forsendur hafi átt að hafa brostið fyrir tilboðsverði stefnanda. Byggt sé á þeirri meginreglu í verktakarétti að verktaka beri að tilkynna verkkaupa tafarlaust ef hann verður var við villu eða mishermi í útboðsgögnum. Fyrrgreind meginregla komi jafnframt fram í grein 14.4 í ÍST 30, sem stefndi telur að hafa megi til hliðsjónar. Í bréfi stefnanda frá 27. október 2020 kveði hann umfang steypuskemmda virðast ætla að verða meira og óskar eftir því að rætt verði um breytt einingarverð til hækkunar og lengingar á verktíma í samræmi við ÍST 30:2012. Þetta sé ekkert rætt frekar eða minnst á af hálfu stefnanda fyrr en hann sendi innheimtuviðvörðun, en með þeirri innheimtuviðvörðun hafi fylgt reikningar stefnanda með hinu aukna magni og hafi stefndi séð þessa reikninga þá í fyrsta sinn.

69. Stefndi mótmælir því að sannað sé í málinu að verkið hafi reynst „mun umfangsmeira og tekið breytingum sem stefndi beri ábyrgð á“ eins og stefnandi haldi fram í stefnu. Ekkert liggir fyrir í málinu um að umfang verksins hafi orðið meira en útboðsgögn gerðu ráð fyrir, en stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir þeirri fullyrðingu sinni. Þá fái á engan hátt staðist sú magnaukning sem stefnandi haldi fram að hafi orðið á verkþætti hans en hún nemi nokkur hundruð prósentum. Í því samhengi bendir stefndi á, sem fyrr segi, að stefnandi sjálfur hafi haldið því fram að hann hafi átt 6-7 vikur eftir af verkinu þegar honum var vísað af því.

70. Þá mótmælir stefndi því sérstaklega að allar þær meintu viðgerðir sem rukkað sé fyrir með reikningum 11644, 11645, 11651 og 11652 hafi verið „merktar og umbeðnar af hálfu stefnda og verkkaupa“. Það rétta sé að hvorugur þessara aðila hafi beðið um þessar meintu viðgerðir og þær merkingar, sem komi fram á framlögðum myndum á um 35 dómskjölum málsins, stafi frá stefnanda sjálfum.

71. Stefndi bendir á eftirfarandi atriði varðandi hina meintu magnaukningu: Að stefnandi hafi ekki tilkynnt stefnda um aukið magn eða hver sú magnaukning yrði; að stefnandi hafi aldrei reynt að afla samþykkis fyrir magnaukningunni eins og honum bar að gera; að stefndi hafi aldrei gefið samþykki fyrir auknu magni; að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að um nauðsynlega magnaukningu væri að ræða; að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að þeir viðbótarmetrar sem rukkað var fyrir hafi í raun verið unnir af honum og að stefnandi hafi ekki sýnt fram á í raun að um aukið magn hafi verið að ræða.

72. Í grein 5.1.5 í ÍST 30 komi fram að verktaki skuli mánaðarlega skila skrá yfir hugsanlegar kröfur um greiðslur vegna aukaverka og breytinga og gera rökstudda grein fyrir þeim. Stefndi hafi ekki gert það og hafi stefndi hvorki samþykkt umrædda magnaukningu né hafi stefnandi á nokkurn hátt rökstutt magnaukninguna. Stefndi telur að um slíka gríðarlega magnaukningu hefði alltaf þurft að upplýsa og afla samþykkis fyrirfram áður en framkvæmdir hæfust. Í því samhengi bendir stefndi á að hann sjálfur hefði alltaf þurft að fá samþykki eftirlitsaðila verkkaupa fyrir hinu aukna magni ætti það að fást greitt. Það þýði að alls sé óvíst að stefndi geti varpað hinni umdeildu magnaukningu yfir á verkkaupa falli mál þetta stefnanda í vil, sbr. bókanir í verkfundargerðum.

73. Stefndi hafnar því alfarið að í því að eftirlitsmaður hafi merkt upp þá staði sem hafi átt að lagfæra hafi falist einhver heimild til þess að auka magn sem nemi nokkur hundruð prósentum. Í því samhengi sé ekki átt við framangreindar merkingar sem stefnandi sjálfur merkti. Ástæða þess að eftirlitsmaður verksins merkti það sem ætti að gera við hafi verið sú að stefnandi hafði ekki farið að fyrirmælum varðandi skipulag vinnu og magntöku í múrviðgerðum. Því hefði eftirlitsaðili bannað frekari sögun og viðgerðir þar til magntaka lægi fyrir og að eftirlitsaðilinn myndi merkja hvar ætti að laga, og þá ekki annars staðar.

74. Með því hafi alls ekki verið aukið við verkið heldur reynt að koma í veg fyrir að stefnandi færi í óþarfa sögun á stöðum sem ekki var þörf á.

75. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því að umrædd merking eftirlitsmanns á svæðum hafi falið í sér aukningu á magni. Ekkert liggi frammi í málinu sem sýni að um aukið magn hafi verið að ræða frá því sem gert var ráð fyrir í samþykktu tilboði.

76. Stefndi bendir á að í verklýsingu á bls. 20-29 sé gengið út frá því að laga eigi alla skemmda, lausa og morkna steypu. Þannig segir orðrétt í liðum 1 á bls. 21 og 22:

„Alla skemmda, lausa og morkna steypu skal brjóta og hreinsa burt. Flöturinn sé afmarkaður með sögun eða brotinn þannig að skil viðgerða myndi sem næst 90 gr. horn við flötinn.“

77. Af tilvitnuðum orðum sé alveg ljóst að með því að merkja þar sem átti að framkvæma viðgerðir á var verið að draga úr því sem átti að framkvæma en ekki öfugt. Framangreind tilvitnuð orð taki einnig af öll tvímæli um að gera hafi átt við alla skemmda, lausa og morkna steypu og hana skyldi brjóta og hreinsa burt. Það hafi verið þær forsendur sem bæði stefnandi og stefndi hafi byggt á í upphafi verks og byggðu tilboð sín á.

78. Hvað einstaka reikninga varðar leyfir stefndi sér að mótmæla öllum þeim reikningum sem meðfylgjandi voru innheimtuviaðvörðun stefnanda frá 9. júní 2021.

79. Hvað reikninga 11644, 11645, 11651 og 11652 varði séu þeir allir vegna sama verkliðar og rukkað hafi verið fyrir með reikningi 11628, þ.e. vegna ryðgaðs járns og kants á sléttum fleti. Einingarverðið hafi verið 37.541 kr. í samræmi við einingarverð í magnskrá. Með reikningi 11628 hafi verið rukkað fyrir 100 metra en í magnskrá í tilboði hafi verið kveðið á um samtals 75 metra. Með framangreindum fjórum reikningum sé enn verið að rukka fyrir sama verkliðinn, en skv. þeim er rukkað fyrir 600,5 metra, ofan á þá 100 sem rukkað hafi verið fyrir með reikningi nr. 11628. Með framangreindum reikningum sé stefndi krafinn aukalega um 22.543.371 kr. ofan á þær 3.754.100 kr. sem hann hafði þegar greitt. Stefndi byggir á því að framangreindir reikningar fái ekki staðist og mótmælir stefndi réttmæti þeirra.

80. Þá bendir stefndi á að framangreindir reikningar virðast allir vera vegna sama verkhlutans. Stefndi telur að það fái ekki staðist að öll sú vinna sem stefnandi kveðst hafa unnið hafi einungis verið við þann verkhluta en ekki hina 10 verkhlutana. Í því samhengi sé bent á að reikningur 11628 hafi verið vegna sama verkhlutans.

81. Hvað varði reikning nr. 11653 þá sé þeim reikningi jafnframt mótmælt. Stefndi kveður þann verklið aldrei hafa verið unnin af stefnanda og hann hafi þurft að ráða annan aðila til að vinna þann verklið eftir að stefnanda hafði verið vísað af verkinu.

82. Hvað varðar reikning nr. 11654 þá er þeim reikningi jafnframt mótmælt sem röngum. Stefndi telur að umræddur reikningur sé vegna verkliðarins „Endurnýja þéttingar í milli steinsteypra eininga útveggja“. Sá verkliður hafi átt að vera unnin á einingarverðum og átt að greiða fyrir 7.990 kr. á hvern unninn metra. Stefndi byggir þannig á því að hann hafi aldrei samþykkt tímavinnu vegna þessa enda hluti af framangreindum verkhluta og því á einingarverðum. Því sé haldið fram í stefnu að um aukaverk sé að ræða sem stefndi kannast ekki við að hafa samþykkt.

83. Vegna þessa reiknings bendir stefndi á grein 3.6.5 í ÍST-30 en þar segi að engin auka- eða viðbótarverk skuli vinna nema samkvæmt „staðfestum fyrirmælum verkkaupa“. Stefndi bendir einnig á grein 5.1.5 í sama staðli þar sem segi að verktaki skuli skila mánaðarlega skrá yfir hugsanlegar kröfur um greiðslu vegna aukaverka og breytinga og gera „rökstudda grein fyrir þeim“. Það hafi stefnandi ekki gert. Ástæða fyrir höfnun stefnda á greiðslu vegna tímavinnu sé sú að stefndi telur vinnuna innifalda í sammingsverkinu, þ.e. að ráða hafi mátt af útboðsgögnum og verksamningi að verktaki þyrfti að inna viðkomandi vinnu af hendi. Þannig telur stefndi að stefnandi geti ekki hafa haft réttmætar væntingar til þess að þessi vinna yrði greidd sérstaklega.

84. Stefndi bendir á að gerðar séu þær kröfur til verktaka að þeir kynni sér vel útboðsgögn og átti sig á því hvað þurfi til að ljúka verkþáttum sem þar sé lýst. Á þessu sé hnykkt í ýmsum ákvæðum sammingsgagna, s.s. gr. 0.4.1 A þar sem fram komi að í „hverjum einstökum tilboðslið skal einnig vera innifalinn allur kostnaður bjóðanda af viðkomandi verklið, svo sem allt efni, vinna, vélar, og tæki ... nema annað sé tekið fram.“ Ef einhver vafi er við tilboðsgerð og lýsingu útboðsgagna beri verktaka að leita skýringa, samanber ákvæði gr. 2.2.3 í ÍST-30.

85. Auk alls þessa mótmælir stefndi því að stefnandi hafi fargað einhverju í verkinu því að hann hafi aðeins komið því múrbroti sem hann hafi brotið í stálkar sem stefndi hafi séð um að losa. Þá sé reikningurinn einnig vegna bakfyllinga og kítisþéttingabils milli eininga sem flokkist einnig undir framangreindan verklið. Þar hafi verið unnið á einingarverðum, sem fyrr segi og kannist stefndi einungis við að hafa samþykkt og gefið fyrirmæli um að unnir væru 45 metrar en ekki 65,2. Það eigi sér jafnframt

stoð í magnskrá. Með framangreindum rökum sé greiðslukröfu vegna reiknings 11654 hafnað. Stefndi tekur þó fram að í bréfi stefnda hafi reikningnum verið mótmælt sem röngum en stefndi lýst sig þó reiðubúinn til að greiða fyrir þá metra sem sannanlega hafi verið unnir enda myndi stefnandi sýna fram á magn umfram þá 45 metra sem kæmu fram í magnskrá og leiðréttu reikninginn þannig að greitt yrði miðað við sannanlega unnið magn á grundvelli einingarverðs.

86. Loks reisir stefndi sýknukröfu sína á því að reikningar stefnanda fyrir verkið séu bersýnilega ósanngjarnir. Geti stefnandi því ekki reist kröfu sína á þeim samkvæmt 47. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Stefndi telur að fjárhæð reikninga stefnanda sé úr hófi og ekki hafi verið aflað samþykkis fyrir þeirri magnaukningu sem stefnandi krefst. Stefndi telur í ljósi framangreinds að reikningar stefnanda séu bersýnilega ósanngjarnir og verði þeir því ekki taldir viðhlítandi grundvöllur kröfugerðar hans samkvæmt grunnrökum að baki 47. gr. laga nr. 50/2000, sbr. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 .

87. Verði ekki fallist á kröfu stefnda um sýknu krefst stefndi þess til vara að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð. Lækkunarkrafa stefnda byggist á sömu forsendum og sýknukrafan. Stefndi vísar til þeirra sjónarmiða sem þegar hafi verið reifuð. Stefndi telur að verði fallist á að dæma umrædda magnaukningu verði að líta til allra framangreindra atriða og meta þá til stórkostlegrar lækkunar.

88. Stefndi krefst þess að viðurkenndur verði réttur hans til að skuldajafna þeim kröfum sem hann kunni að verða dæmdur til að greiða í aðalsök við þær fjárhæðir sem honum kunna að verða dæmdar í gagnsök. Vísar stefndi til 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991.

89. Þá mótmælir stefndi sérstaklega upphafstíma dráttarvaxta, en þeir séu reiknaðir í stefnu frá 28. febrúar 2021, þrátt fyrir að þeir reikningar sem mál þetta snýst um hafi fyrst verið sendir stefnda þann 9. júní 2021 með innheimtuviaðvörun. Í því samhengi bendir stefndi m.a. á að reikningar 11652-11654 séu allir dagsettir 28. maí 2021 eða 10 dögum áður en umrædd innheimtuviaðvörun var send.

## **V. Helstu málsástæður gagnstefnanda í gagnsök**

90. Gagnstefnandi byggir kröfur sínar á því að galli hafi verið á verki gagnstefnda þar sem hann hafi ekki unnið filtun hússins í samræmi við ákvæði útboðslýsingar. Hún hafi átt að vera 2–5 mm en hafi einungis verið 1 mm. Þá hafi filtunin verið unnin með ófullnægjandi hætti þar sem hún reyndist ójöfn þar sem fletir hafi ekki verið unnir í samfellu hver og einn. Það hafi leitt til þess að endurfilta hafi þurft nánast allt aftur. Gagnstefnandi byggir á því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þess sem nemi samtals

3.028.700 kr., þ.e. sá kostnaður sem hann hafi orðið fyrir vegna endurfiltunar. Gagnstefnandi byggir á því að gagnstefndi hafi valdið honum umræddu tjóni með saknæmum og ólögætum hætti.

91. Gagnstefnandi vísar til almennra reglna verktakaréttar um ábyrgð verktaka og skyldur undirverktaka. Þá vísar gagnstefnandi til íslenska staðalsins ÍST:30 og venja sem myndast hafi í verktakarétti. Þá byggir gagnstefnandi á almennum reglum skaðabóta-, samninga- og kröfuréttar.

92. Gagnstefnandi byggir það á þeirri málsástæðu að hann eigi rétt á skaðabótum úr hendi gagnstefnda þar sem hann hafi þurft að greiða tafabætur til verkkaupa, fyrir hvern þann dag sem verkið hafi dregist, en þær tafir megi allar rekja til atvika sem gagnstefndi beri ábyrgð á. Gagnstefnandi byggir á því að þær verktafir hafi ekki orðið vegna atvika er vörðuðu hann heldur gagnstefnda. Í ákvæði 0.5.4 í útboðlýsingu komi fram að dragist verklok fram yfir umsaminn skiladag skuli verktaki greiða verkkaupa ákveðna fjárhæð í tafabætur fyrir hvern almanaksdag sem það dregst að verkinu sé að fullu lokið og lokaúttekt geti farið fram. Fjárhæð dagsekta komi fram í grein 0.1.2 og sé 75.000 kr. á dag. Verkið hafi dregist um 12 daga og hafi gagnstefnandi því þurft að greiða 900.000 kr. til verkkaupa vegna framangreindra tafa. Gagnstefnandi vísar til greinargerðar sinnar í aðalsök hvað varðar nánari útlistun á töfum á verkinu sem gagnstefndi hafi valdið.

## **VI. Helstu málsástæður gagnstefnda í gagnsök**

93. Gagnstefndi mótmælir því alfarið að samið hafi verið um að staðallinn ÍST30 gildi í lögskiptum á milli aðila, líkt og gagnstefnandi virðist halda fram í málatilbúnaði sínum. Þá hafi ekki heldur verið samið um tafabætur milli aðila eða um sérstakan skilafrest á verki gagnstefnda, en í gögnum málsins sé hvergi að finna samningsákvæði á milli gagnstefnanda og gagnstefnda um ákveðna fjárhæð vegna tafabóta eða um reiknigrundvöll slíkra bóta.

94. Gagnstefndi hafi hafið vinnu við verkið haustið 2020 en fljótlega komið í ljós að magntöku vegna steypuviðgerða hafi verið ábótavant sem hafi orðið til þess að verkið vannst hægar vegna verulegrar magnaukningar og ýmissa aukaverka. Gagnstefndi hafi tilkynnt gagnstefnanda strax um þessi atriði með bréfi sem sent var í tölvupósti 17. september 2020.

95. Í verkfundargerðum verkkaupa og aðalverktaka, sem lagðar hafi verið fram í málinu, sjái þess hvergi stað að gagnstefnandi hafi gert kröfu um bætur vegna efndadráttar, kröfu um tafabætur eða með öðrum hætti áskilið sér rétt vegna tafa á verkinu úr hendi gagnstefnda.

96. Þá hafi á verktímanum ekki verið haldnir neinir verkfundir aðalverktaka og undirverktaka, þar sem gerðar hafi verið kröfur um efndabætur eða tafabætur af hálfu gagnstefnanda. Enginn áskilnaður hafi verið um slíkar kröfur. Enn fremur hafi ekki verið gerðar neinar athugasemdir af hálfu gagnstefnanda um verklag gagnstefnda á verktímanum varðandi filtun útveggja.

97. Samkvæmt umfjöllun í greinargerð gagnstefnanda í aðalsök var gert ráð fyrir því milli gagnstefnanda og verkkaupa að verklok yrðu í desember 2020. Þar sé tekið fram að útséð hafi verið í nóvember 2020 um að sú verkáætlun myndi standast og því hafi verið gerð ný verkáætlun sem miðaði við 21. júní 2021. Að mati gagnstefnda bendir það meðal annars til þess að umfang verksins hafi verið meira en áætlað var.

98. Gagnstefndi krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda með vísan til eftirfarandi málsástæðna:

*Krafa um greiðslu skaðabóta vegna ágalla á verki*

99. Gagnstefndi byggir á því að ekki sé með góðu móti unnt að átta sig á því hvernig fjárhæð umræddra reikninga þriðja aðila, HH Málunar, sé fundin og sé sönnunarfærslu gagnstefnanda ábótavant að þessu leyti. Sé gagnstefnda því í raun ekki unnt að taka afstöðu til kröfunnar og verði því að vísa kröfu vegna meintra ágalla á verki frá dómi vegna óskýrleika og vanreifunar.

100. Í því samhengi er t.a.m. vísað til þess að í umræddum reikningum sé hvergi vísað í verklýsingu. Þá sé ekki heldur auðkennt hvaða viðgerðir um sé að ræða eða á hvaða einingum. Þá sé þess enn síður getið hvort viðgerðir hafi yfir höfuð verið unnar eftir verklýsingu. Þá sé ljóst af sundurliðun framangreindra reikninga að verk HH Málunar ehf. sé unnið í tímavinnu en ekki samkvæmt tilboðsskrá, sem bendi til þess að mati gagnstefnda að verkið eigi sér enga stoð í verklýsingu. Gagnstefndi vísi til þess að verk hans hafi verið langt komið er honum hafi verið gert að yfirgefa verkstaðinn þann 28. maí 2021 og enginn ágalli verið á verkinu. Megnið af því sem eftir var af verkþætti gagnstefnda hafi eingöngu falist í því að þrifa viðgerðir upp og loka þeim.

101. Verði ekki fallist á framangreinda málsástæðu um vanreifun byggir gagnstefndi í öllu falli á því að ósannað sé að verkið hafi verið gallað auk þess sem hann hafi ekki átt þess kost að bæta úr meintum galla eins og lög geri ráð fyrir.

102. Ekki liggi fyrir annað í málinu en að gagnstefnandi hafi ekki gert athugasemdir við verklag gagnstefnda hvað filtun útveggja varðar fyrr en með tölvubréfi 27. maí 2021. Það tölvubréf berist gagnstefnda degi áður en gagnstefnandi hafi gert gagnstefnda að yfirgefa verkstað 28. maí 2021. Byggir gagnstefndi á því að frá upphafi verktímans og fram að riftun hafi gagnstefnandi samþykkt verktilhögun gagnstefnda hvað filtun útveggja varðar eða í öllu falli ekki gefið gagnstefnda neitt tilefni til að ætla annað en að hann sætti sig við hana.

103. Gagnstefnandi hafi hvorki lagt fram neina sönnun fyrir því að verkið sé gallað né önnur gögn sem sýni fram á umfang hins meinta galla líkt og honum beri að gera ef þannig standi á samkvæmt 32. gr. laga nr. 50/2000. Ef einhvers konar galli væri á verkinu þá ætti gagnstefndi rétt á því samkvæmt almennum reglum og 36. gr. laga nr. 50/2000 að bæta þar úr. Ef slíkt tækifæri gefst ekki missi verkkaupi allan rétt sinn til bóta.

104. Þá byggir gagnstefndi einnig á því að gagnstefnandi hafi fyrr í samningssambandinu staðið skil á greiðslum til gagnstefnda vegna vinnu við filtun útveggja í samræmi við tilboðsskrá án allra athugasemda eða fyrirvara. Telur gagnstefndi að gagnstefnandi hefði þá haft fullt tilefni til athugasemda miðað við hans eigin málatilbúnað um ófullnægjandi verklag gagnstefnda vegna filtunar útveggja nánast frá því að gagnstefndi hóf verkið. Byggir stefnandi á því að ekki verði horft fram hjá því tómlæti sem gagnstefnandi hafi sýnt af sér.

105. Þá byggir gagnstefndi sýknukröfu sína einnig á því, í tengslum við framangreinda málsástæðu um tómlæti, að fyrir liggur að gagnstefnda var gert að yfirgefa verkstað þann 28. maí 2021. Skaðabótakrafa gagnstefnanda vegna meintra ágalla á verki gagnstefnda hafi hins vegar fyrst verið höfð uppi með gagnstefnu sem þingfest var þann 1. febrúar 2022. Fram að þeim tíma hafi gagnstefnandi ekki gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi gagnstefnda.

106. Verði hins vegar af einhverjum ástæðum talið að um galla sé að ræða, þá byggir gagnstefndi sýknukröfu sína einnig á því að um sé að ræða verk sem gagnstefndi átti eftir að vinna þegar honum var gert að yfirgefa verkstaðinn þann 28. maí 2021.

107. Að lokum mótmælir gagnstefndi alfarið fullyrðingum í gagnstefnu þess efnis að filtun hafi ekki reynst vera nema 1 mm en hafi átt að vera 2-5 mm samkvæmt verklýsingu og jafnframt að filtun hafi reyndist ójöfn þar sem hún hafi ekki verið unnin í samfellu. Virðist ályktun gagnstefnanda um þetta

atriði reist á misskilningi. Gagnstefndi byggir á því að verkið hafi verið unnið í samræmi við verklýsingu og meðalþykkt 2-5 mm. Tilvísun til 1 mm í reikningi frá stefnanda nr. 11636 helgist af því að það hafi verið notað REP980 1 mm efni, sem skammtar þá lágmarksþykkt í viðgerð. Efnið REP 980 hafi verið notað í samræmi við beiðni verkkaupa og marki kornastærðina á efninu.

108. Reikningsgerð gagnstefnda segi ekki til um þykkt á filtun, enda sé það ógerlegt að meta nákvæmlega hver massinn sé á einni viðgerð, þar sem múrefni fari inn í yfirborð flatarins, eðli málsins samkvæmt. Þá hafi það aldrei tíðkast í múrverki að reiknaðar séu allar loftbólur í fleti. Gagnstefnandi sé fullmeðvitaður um þessi atriði og sé ósannað að þykkt filtunar hafi verið ófullnægjandi.

#### *Krafa um greiðslu tafabóta:*

109. Gagnstefndi hafnar greiðslu tafabóta. Í fyrsta lagi byggir gagnstefndi á því að tafabætur séu sammingsbundið févíti en af því leiði að semja þarf sérstaklega um að tafabætur skuli greiddar fari svo að verkskil dragist fram yfir umsaminn skiladag. Milli gagnstefnanda og gagnstefnda hafi ekki verið gerður skriflegur verksamningur og þá ekki verið samið um þetta atriði. Sé því hvergi að finna heimild til handa gagnstefnanda til að krefja gagnstefnda um greiðslu tafabóta. Þá telur gagnstefndi að réttarsamband gagnstefnanda og verkkaupa sé undirverktaka alfarið óviðkomandi. Gagnstefndi vísar til þess að skilyrði fyrir greiðslu tafabóta séu ætíð sammingsbundin.

110. Þá byggir gagnstefndi enn fremur á því að tafir á verkskilum gagnstefnanda verði ekki raktar til hans enda honum gert að yfirgefa verkstaðinn 28. maí 2021, eða tæpum mánuði áður en að verktímanum átti að ljúka þann 21. júní 2021.

111. Verði ekki fallist á framangreindar málsástæður, þá byggir gagnstefndi á því að gagnstefnandi hafi sýnt af sér slíkt tómlæti að réttur hans til bóta vegna hugsanlegs efndadráttar sé fallinn niður. Krafa um tafabætur var fyrst höfð uppi við birtingu gagnstefnu þingfestri 1. febrúar 2022. Verði því að sýkna gagnstefnda af kröfu gagnstefnanda um greiðslu tafabóta sökum tómlætis.

#### *Varakrafa um lækun:*

112. Til vara krefst gagnstefndi þess að kröfur gagnstefnanda verði lækkaðar verulega að mati dómsins með vísan til sömu framangreindra lagaraka og málsástæðna og greinir varðandi aðalkröfu gagnstefnda.

## VII. Helstu sjónarmið réttargæslustefnda í málinu

113. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu af aðalstefnda, ríkið telur málatilbúnaðað réttargæslustefnanda gagnvart réttargæslustefnda ekki standast skoðun. Réttargæslustefnandi hafi verið sammála fulltrúa FSRE um að magntaka í verkefni stefnanda í aðalsök væri í samræmi við verkáætlun. Vísist um það til fundargerða og kostnaðaruppgjors. Birgir eftirlitsmaður hafi orðið að reiða sig alfarið á að réttargæslustefnandi sæi til þess að stefnandi í aðalsök ynni sína vinnu í samræmi við útboðsgögn og fyrirmæli á verkstað enda ekkert samnings samband milli stefnanda í aðalsök og FSRE.

114. Réttargæslustefndi vekur athygli á eftirfarandi ákvæðum í útboðsskilmálum er varði ábyrgð verktaka:

115. 0.1.7. Þar sem m.a. komi fram: „Verktaki skal undirrita tíma-, greiðslu og mannaflaáætlun og undirverktakar sem koma að meginhluta verksins skulu einnig staðfesta hana. Verkáætlun þessi verður hluti verksamnings.

116. Verktaki skal endurskoða verkáætlun eftir samkomulagi og ekki sjaldnar en mánaðarlega ef sýnt er að eldri áætlun fær ekki staðist og skal leggja hana fram til samþykktar hjá verkkaupa.“

117. Engin endurskoðun hafi verið gerð á áætlun varðandi steypuviðgerðir og endursteypu. Endurskoðun hafi borið að gera mánaðarlega ef upphafleg áætlun stæðist ekki.

118. 0.3.5. Undirverktakar: „Aðalverktaki ber fulla ábyrgð á því að undirverktaki skili verkefni í samræmi við verksamning, samningsgögn og skilmála.

119. Upplýsingar bjóðanda/aðalverktaka um undirverktaka skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð bjóðanda gagnvart verkkaupa. Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum verksamning.“

120. Aðalverktaki beri ábyrgð gagnvart verkkaupa á verkefnum sem hann feli undirverktaka bæði samkvæmt útboðs- og samnings skilmálum og samkvæmt 88. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.

121. Í kafla 0.5.3 séu ákvæði um breytingar á verkinu og viðbótarverk og aukaverk. Þar segir m.a.: „Verktaki má engin auka- eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.“

122. Telji undirverktaki sig hafa unnið aukaverk, þá hafi ekki verið farið eftir þessum skilmála. Eftirlitsmaður á vegum FSRE hafi meira verið að reyna að stöðva undirverktakann í að framkvæma verk sem ekki hafi verið óskað eftir. Vegna skipulagsleysis stefnanda í aðalsök hafi eftirlitsmaður farið með litakrít og merkt við þá staði sem átti að laga. Síðar hafi komið í ljós að stefnandi í aðalsök hafi notað sams konar krít til að merkja fjölda staða til viðbótar.

123. Samandregið tekur réttargæslustefndi algerlega undir kröfur og málatilbúnað stefnda í aðalsök en mótmælir málatilbúnaði hans í réttargæslustefnu gegn réttargæslustefnda. Réttargæslustefnandi beri sönnunarbyrði gagnvart réttargæslustefnda um að magntaka í steypuviðgerðum hafi verið rangt áætluð. Ógerlegt sé að halda því fram þegar réttargæslustefnandi hefur einmitt haldið hinu gagnstæða fram, með góðum rökum, í greinargerð sinni í aðalsök.

## VIII. Niðurstaða

### *Samningur aðila*

124. Ágreiningslaust er að ekki var gerður skriflegur samningur milli aðila málsins um það verk sem mál þetta hverfist um. Um ágreininginn gilda vafalaust almennar reglur samninga-, kröfu- og verktakaréttar en aðila greinir á um hvort ÍST 30, íslenskur staðall, gildi í lögskiptum aðila, en ekki liggur fyrir með skýrum hætti í málinu að aðilar hafi samið um að svo skyldi vera.

125. Forsvarsmáður stefnanda kvaðst fyrir dómi búa yfir afar umfangsmikilli og víðtækri reynslu sem múrarmeistari í verktöku um áratugaskeið. Síðasta áratuginn sérstaklega í steypuviðgerðum, bæði steypuskemmdum og að lagfæra galla á steypu í nýbyggingum í mörgum verkum, útboðsverkum sem öðrum.

126. Þá kvaðst hann oft hafa unnið fyrir og með stefnda í málinu, enda þeir þekkt frá barnsaldri. Hann kvað háttinn jafnan þann þegar hann ynni fyrir stefnda að ekki væri gengið frá skriflegum samningum.

127. Af umfjöllun í stefnu málsins, framlögðum gögnum og framburði fyrir dómi verður ráðið að tilboð stefnanda til stefnda í verkið sem mögulegur undirverktaki miðaðist skýrlega við einstaka

verkpætti í ítarlegri verklýsingu vegna verksins. Svo dæmi sé tekið varðandi þann verkþátt, sem helst er deilt um í málinu, er gert tilboð um 37.541 kr. fyrir hvern lengdarmetra í þeim hluta sem merktur var Rb-02-190, 2.815.575 kr. fyrir áætlaða 75 lengdarmetra. Það skjal sem stefnandi vísar til varðandi tilboð hans í verkið „Verkþáttur stefnanda var samtals að fjárhæð kr. 10.603.775,- vegna steypuviðgerða og endursteypu og kr. 2.991.400,- vegna málunar, sbr. tilboðsskrá á dskj. 5.“, er reyndar merkt Verksýn ehf. sem var eftirlitsaðili með verkinu, en ágreiningslaust er að tilboð stefnanda var miðað við þessar stærðir í verkinu með nákvæmum tilvísunum í umrædda verklýsingu.

128. Ekki er því sjáanlega gerður ágreiningur um að aðilar málsins gerðu verktakasamning og heldur ekki um hvaða verk væri að ræða, umfang þess og einingarverð. Hins vegar er ágreiningslaust að aðilar þessa máls gerðu ekki skriflegan samning um verkið sín á milli.

129. Því verður hins vegar slegið föstu með vísan til framangreinds, sem og annarra atvika, að mál þetta verður ekki leyst með skírskotun til þeirra meginreglna sem birtast í einkum 45. og 47. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 og vísað er til í stefnu málsins. Ákvæði 45. gr. getur ekki átt við þegar samið er um fast verð fyrir ákveðið verk. Sönnunarbyrði verður undir þeim kringumstæðum ekki lögð á skuldara fyrir því að reikningar sem eru víðsfjarri umsöndu endurgjaldi séu bersýnilega ósanngjarnir. Þá liggur fyrir að stefndi mótmælti strax þeim reikningum sem hér eru til umfjöllunar þannig að stefnandi fær að mati dómsins heldur engan stuðning af 47. gr. laganna. Tilvísun til 54. gr. laganna hefur ekki sjáanlega þýðingu hér heldur enda ekki rökstutt sérstaklega hvernig hún getur átt við sakarefnið.

#### *Reglur sem giltu í samningssambandinu*

130. Enginn vafi gat leikið á því að aðalverkkaupi og sá sem ætlaði að ráðast í þessar framkvæmdir var Ríkiseignir og báru framangreind gögn skýr merki um það. Ganga verður út frá því að reyndur verktaki líkt og stefnandi hafi mátt vera þess fullviss að viðsemjandi hans, aðalverktaki við verkið, yrði skuldbundinn samkvæmt útboðslýsingu til að undirgangast þau lög og reglur sem þar voru tilgreind, þ.m.t. Íslenskur staðall – ÍST:30. Dómurinn telur heldur ekki óvarlegt að ætla að stefnandi hafi jafnvel sjálfur gert ráð fyrir að eftir staðlinum yrði farið, einnig þá í samskiptum hans við stefnda. Í grein 1.1.3 í ÍST 30 segir um samskipti aðal- og undirverktaka að um þau gildi staðallinn með sama hætti og milli aðalverktaka og verkkaupa um samskipti aðila, nema um annað hafi verið samið milli undirverktaka og aðalverktaka. Í máli þessu er a.m.k. ljóst að enginn slíkur samningur var gerður, þ.e. þá um sérstök frávik frá staðlinum.

131. Stefnandi vísar á tíðum sjálfur til útboðsgagna og þar með óbeint til staðalsins en einnig beint til hans. Merkja má það meðal annars í tilvísunum stefnanda sjálfs til bókana á verkfundum í samantekt stefnanda vegna verksins frá 20. september 2020, sem hann sendi stefnda. Þar vísar stefnandi m.a. til þess að hann vinni alla sína verkþætti við utanhússviðgerðir á steypuvirki byggingarinnar samkvæmt útboðsgögnum. „Óski aðalverktaki eftir að breytingar séu gerðar á fyrirliggjandi útboðsgögnum þá er ráð fyrir því gert í útboðsgögnum hvernig að því sé staðið.“ Þetta má einnig sjá í „orðsendingu“ frá stefnanda til stefnda 27. október 2020 á skjali sem ber yfirskriftina: „Gæðakerfi við mannvirkjagerð“. Þar vísar stefnandi til ýmissa ágreiningsefna undir framkvæmdinni, m.a. um að verktaki hafi bent á að viðgerðir væru ekki tæmdar á þeim einingum sem teknar hafi verið út og metnar tilbúnar til filtunar. Í niðurlagi skjalsins segir svo: „Umfang steypuskemmda virðist ætla að verða verulegra umfangsmeira en fram kemur í útboðsgögnum, af því tilefni óskar Skagaver eftir að rætt verði um breytt einingaverð til hækkunar og lengingar í verktíma í samræmi við ÍST 30/2012.“

132. Stefnandi sjálfur vísar þarna til staðalsins þegar hann telur á sig halla og fyrir liggur einnig að innanhússgæðakerfi hans er byggt á staðlinum. Þá vísar stefnandi ítrekað til útboðsgagna málsins, m.a. til aðferða sem fram koma þar um hvernig skuli standa að breytingum á þeim. Gögn málsins styðja því eindregið að mati dómsins að stefnandi hafi við framkvæmd verksins horft til staðalsins, en einnig, líkt og eðli máls samkvæmt, stefndi og verkkaupi, jafnframt til útboðsgagna málsins, þar sem ítarlegar reglur eru settar um það m.a. hvernig samskiptum aðila skuli háttað og um greiðslur, viðbótarverk og magnaukningar sbr. kafla 0.5 í útboðsgögnum verksins (útboðs- og samningsskilmálar) einkum liða 0.5.3, 0.5.5 og 0.5.8 en í öllum þessum ákvæðum útboðsgagna er vísað einnig eftir því sem þurfa þykir til ÍST30:2012.

133. Þótt stefnandi hafi ekki með skriflegum hætti undirgengist skilmála í útboðsgögnum og þar með ÍST:30 er þannig að mati dómsins óhjákvæmilegt að horft verði til þeirra reglna og stefnandi hafi a.m.k. mátt líta svo á. Jafnframt verður ekki hjá því litið að staðallinn sem og útboðsskilmálar verksins eiga sér að mestu leyti skírskotun í almennar reglur kröfu-, samninga- og verktakaréttar sem gilda vitaskuld eins og við getur átt, óháð því hvort gerðir séu skriflegir samningar eður ei.

#### *Framvinda verksins*

134. Af framburði forsvarsmanna aðila má ráða að einhver vinna hafi hafist við verkið í júlí 2020, en einnig að framkvæmdir hafi þó ekki hafist að neinni alvöru fyrr en í september það ár. Forsvarsmaður

stefnanda lýsti því svo að í lok júlí hefði hann einkum verið að taka niður ýmsan búnað á veggjum, horfa betur á og meta húsið og verkið. Síðan liggur fyrir að verkið var stöðvað í ágúst vegna formsatriða sem þurfti að fá á hreint milli stefnda og verkkaupa.

135. Meginvinna stefnanda á verkstað fór því aðallega fram í september og október og eitthvað fram í nóvember 2020 þegar hætta þurfti vinnu vegna veðurs. Þá lá fyrir að verktíminn yrði framlengdur til vors 2021, en upphaflega átti verkinu að vera lokið á árinu 2020. Bæði stefndi og eftirlitsmaður með verkinu staðhæfa að ástæða fyrir töfum á verkinu hafi alls ekki verið aukið umfang verksins, heldur nefna þeir einkum slæg og óskipulögð vinnubrögð stefnanda en fyrst og fremst manneklu sem ítrekað hafi verið kvartað yfir líkt og gögn málsins bera með sér.

136. Fyrir liggur að strax í mars komu fram óskir frá verkkaupa og þá stefnda til stefnanda um að hann kæmi aftur til starfa til að ljúka verkinu. Stefnandi mætti á verkstað í lok maí og benda gögn málsins eindregið til þess að hann hafi stoppað stutt enda honum vísað frá verki með tilkynningu forsvarsmanns stefnda 28. maí 2021, sbr. framangreint. Ekkert liggur þannig fyrir í málinu sem gefur til kynna eitthvert framlag stefnanda til framkvæmdarinnar, sem skipt getur máli að mati dómsins, eftir nóvember 2020, enda enginn þeirra reikninga sem deilt er um vegna þess tíma að því er virðist.

#### *Magn og magntaka - verkfundir*

137. Stefnandi hefur lagt fram gögn sem hann kveður sýna svo ekki verði um villst hvaða magn um hafi verið að ræða að hans mati. Leggur hann fram mikinn fjölda sams konar dómskjala undir yfirskriftinni „Útveggjaeining afmörkun steypuskemmda og viðgerða, sjá meðfylgjandi myndir“, þar sem aðferð stefnanda við útreikning er tíunduð. Fylgir svo ljósmynd af einstöku broti eða ágalla, merkt á hvaða svæði einstakt brot sé, fjöldi járna og lengd þeirra o.s.frv. eftir eðli ágalla. Þessar myndir eru merktar eftir útveggjaeiningum frá 1-36 og einstakar ljósmyndir og tilvik númeraðar. Á svæði E1 eru til að mynda einstök uppbrot á steypu merkt frá 1-45, á svæði E2, skemmdir merktar 1-50, á svæði E3 alls 32 tilvik og svo framvegis.

138. Á þessum gögnum byggir stefnandi kröfur sínar og umþrættir reikningar endurspegla þau. Sá augljósi hængur er hér á að stefndi kveðst fyrst hafa séð þessi gögn málsins þegar hann fékk þau frá lögmanni stefnanda eftir höfðun þessa máls. Birgir Rafn Reynisson, eftirlitsmaður með verkinu, kvaðst fyrst hafa séð gögnin nokkrum dögum fyrir aðalmeðferð þessa máls hjá lögmanni stefnda. Dómurinn telur, m.a. í ljósi framburðar stefnanda um hvenær hann hafi setið við að taka þessi gögn

saman, ekkert benda til annars en að þessi hafi verið raunin.

139. Dómurinn telur stefnanda ekki eiga sér málsbætur vegna þessa seinagangs og að honum hefði borið að senda þessi væntanlega þá samtímagögn um leið og þeirra var aflað, enda augljóslega fullt tilefni til. Þar getur stefnandi ekki borið fyrir sig að hann hafi verið að bíða eftir tillögum stefnda og eftirlitsmanns um uppgjörsaðferð vegna þeirrar stöðu þegar í opnaðri steypuskemmd hafi þurft að gera við fleiri en eitt járn í sömu skemmd, sbr. framan- og síðargreint.

140. Á verktíma sendi stefnandi stefnda í fyrstu skjal 16. september 2020, sem ber yfirskriftina „Viðvörðun um breytingar/frábrigði“. Skjalið kemur úr framangreindu gæðakerfi stefnanda og felur augljóslega í sér viðvaranir um mögulegar mæliskekkjur, lengingu verktíma, magnmælingu o.fl. Hins vegar er ekkert sundurliðað frekar um hvað þarna geti verið að ræða og á engan hátt hægt að líta svo á að þessi almenna yfirlýsing stefnanda skapi honum einhvern rétt í málinu gagnvart stefnda í tengslum við þær kröfur sem í málinu eru nú gerðar. Var verkið enda rétt komið af stað á þessum tíma.

141. Fyrir liggur hins vegar skjal frá stefnda sem ritað var þremur dögum síðar, þar sem kvartað var yfir skipulagi vinnu og magntöku og að eftirlitsaðili hefði bannað frekari sögun viðgerða þar til magntaka lægi fyrir. Einnig var þar nefnd regla er eftirlitsaðili taldi að skyldi gilda við uppgjör, þegar tvö eða fleiri járn væru í sömu viðgerð, en óskað eftir því að fundinn yrði sanngjarn grundvöllur þar.

142. Stefnandi svaraði þessu með erindi til stefnda úr gæðakerfi sínu degi síðar eða 20. september, en af svari hans má ráða að hann hafi haft undir höndum fundargerð verkfunda þótt ágreiningslaust sé að hann sat þá fundi ekki venju samkvæmt, sbr. framangreint.

143. Í niðurlagi skjalsins kemur fram staðfesting þess að stefnandi hafði fengið óskir frá stefnda, og þá samkvæmt skilaboðum frá verkkaupa, um að einstök viðgerðarsvæði yrðu magntekin. Bæði forsvarsmáður stefnda og eftirlitsmaður verksins áréttuðu það mjög í skýrslum fyrir dómi að á þetta hafi verið lögð mikil áhersla af þeirra hálfu, en stefnandi ekki sýnt nokkurn vilja til að fara eftir þeim tilmælum. Dómurinn telur þetta skipta máli, enda hlýtur að blasa við að ef slík vinnubrögð hefðu verið viðhöfð væri ágreiningur þessi vart fyrir dómstóli nú, a.m.k. ekki í því horfi sem blasir við. Það sem veur þó nokkra athygli er að í þessu skjali, þar sem farið er vítt og breytt yfir sviðið, minnst stefnandi í engu á magnaukningu á verkinu.

144. Næsta erindi sem berst frá stefnanda er dagsett 15. október 2020. Þar er einkum fjallað í nokkuð ítarlegu máli um samskipti við stefnda og athugasemdir frá eftirlitsmanni, m.a. um aðferðir við magntöku og skipulag vinnu. Í skjalinu er ekki minnst á magnaukningu í verkinu.

145. Í orðsendingu, úr gæðakerfi stefnanda 27. október 2020, verður fyrst vart við það í gögnum málsins, þannig að hönd sé á festandi, að stefnandi telji verkið umfangsmeira en verklýsing hafi ráðgert. Þar lýsir hann ýmsum atriðum sem þurfi að huga að og varpar reyndar upp spurningu til verkkaupa um hvort hann telji þörf á að „endurskoða gildandi verklýsingu m.t.t. frávika í steypskemmdum miðað við verklýsingar.“ Í lok orðsendingarinnar kemur svo fram, sbr. framangreint, að „umfang steypuskemmda virðist ætla að verða verulega umfangsmeira en fram kemur í útboðsgögnum“ og var ósakað eftir viðræðum vegna þess um breytt einingarverð til hækkunar og lengingar á verktíma í samræmi við ÍST30:2012. Í fundargerð frá 1. október segir efnislega að eftirlitsmaður upplýsi um að magnaukning verði í lið Rb 02.180, en þá höfðu hann og forsvarsmáður stefnda magntekið múrviðgerðir á flötum 29-31 og samþykkt lokun þeirra. Ekki er umfangsmikil umfjöllun í fundargerðum eftir þetta um magnaukningu, þannig að hafi áhrif í málinu fyrr en á 6. fundi 2. nóvember 2020, þegar fram kemur það mat eftirlitsmanns að stefnandi hafi farið offari í steypubroti og brotið gegn skýrum fyrirmælum, m.a. eftir að eftirlitsaðili hafði bannað frekari brotvinnu. Þetta hafi stefnandi gert án þess að tilkynna eftirlitsaðila skriflega um þær magnbreytingar sem augljóslega hefðu orðið. Áskildi verkkaupi sér rétt til að hafna allri umfangsgreiðslu múrviðgerða vegna þessa. Þarna var gerð krafa um að öll frekari múrviðgerðavinna yrði stöðvuð tafarlaust á grundvelli ÍST30, gr. 4.1.5 og 4.1.6. Haldinn var aukafundur vegna stefnanda 4. nóvember 2020. Þar kom fram megn óánægja með störf stefnanda og að í lok október hefði múrara verið vísað af svæðinu vegna ófaglegra vinnubragða og framkomu í garð eftirlitsaðila á verkstað. Vegna skipulagsleysis hafi ekki reynst mögulegt að fylgjast með umfangi múrviðgerða og eftirlitsaðili áskildi sér rétt til að hafna umframgreiðslu á múrviðgerðarliði skv. magnskrá. Niðurstaða varðandi stefnanda varð sú eftir umræður að „láta múrara klára sitt verk“ ljóslega í stað þess að vísa honum þá þegar frá verkinu.

146. Varðandi það liggur fyrir tölvuskeyti frá forsvarsmanni stefnanda til stefnda frá 3. nóvember, þar sem stefnandi taldi að múrviðgerðir gætu klárast í lok nóvember ef allir daga gætu nýst, auk þess sem filtervinna gæti klárast næstu tvær vikurnar. Stefnandi taldi þarna sjálfur augljóslega að mikið væri eftir af verkinu. Í þessu tölvuskeyti, sem er síðasta gagn málsins sem stafar frá stefnanda áður en verki var hætt vegna veðurs í sama mánuði, er ekkert minnst á magnaukningu eða aukakostnað við verkið. Næsta sem berst frá stefnanda er tölvuskeyti til stefnda 6. maí 2021, þar sem hann áætlað að um 6-7

vikur séu eftir af verktímanum. Þar svaraði stefnandi einhverjum umkvörtunum en ekki var minnst barna á magnaukningu eða að von væri á reikningum í líkingu við þá sem sendir voru skömmu síðar.

147. Í málinu liggur fyrir að engin sameiginleg magntaka fór fram á verkinu. Í fundargerð 3. verkfundar í málinu 17. september 2020, þar sem verkinu hafði miðað vel, er bókað: „BRR fer fram á ÞEG magntaki múrviðgerðir með sér“. Í lok fundargerðarinnar er áætluð framvinda verksins fram að næsta fundi, m.a. „Magntaka á múrviðgerðum.“ Forsvarsmáður stefnda og eftirlitsmaður kveðast hafa í samræmi við þessar bókaðir tekið einhverjar magntölur á framkvæmdatíma og kveðast hafa boðið forsvarsmanni stefnanda með en hann ekki kært sig um það. Framburður stefnanda verður ekki skilinn öðruvísi en svo að þessi hafi verið raunin og hann ekki sinnt magntöku með þessum aðilum eða óskað sjálfur eftir þeim. Dómurinn telur einnig gögn málsins staðfesta þann framburð í málinu að ítrekað hafi verið óskað eftir því við stefnanda að einstök svæði yrðu magntekin og uppgjör vegna þeirra klárað áður en haldið yrði áfram með verkið. Stefnandi hafi hins vegar ekki sinnt þeim tilmælum eða verið til samstarfs um slíkt, sem hefði verið kjörin og væntanlega allt að því örugg leið fyrir stefnanda til að tryggja greiðslur fyrir öll verk sem sannanlega voru umfram verklýsingu.

148. Eftir stendur að engin magntaka liggur fyrir á umræddu verki sem aðilar stóðu báðir að eða hafa samþykkt og einu raunverulegu vísbendingarnar um að umfang þess hafi verið umtalsvert meira en ráðgert var í upphafi byggjast á óstaðfestum gögnum frá stefnanda sjálfum, sem hann kveðst hafa unnið eftir áramót, þ.e. talsvert eftir að þeirri vinnu var lokið sem hann krefst nú greiðslu fyrir. Jafnframt er ósannað að þessi gögn, eða einhverjar upplýsingar í nokkurri nánd við þær sem stefnandi hefur nú lagt fram, hafi verið kynnt stefnda eða eftirlitsmanni verksins fyrr en eftir að mál þetta var höfðað. Í þeim efnum skiptir litlu þótt litið yrði svo á að stefndi hefði séð þessi gögn eitthvað fyrr, þar sem stefnanda bar að mati dómsins að kynna viðsejanda sínum þessi samtímagögn sem byggjast á ljósmyndum og mælingum á verktíma þá þegar er þær lágu fyrir enda mátti stefnanda vera það ljóst sem sérfróðum aðila að í mikið óefni stefndi.

#### *Reikningsgerð og yfirlit*

149. Stefnandi hefur ekki neitað því að hann sendi ekki sérstaka framvindureikninga og stefndi gerir enda athugasemdir við það. Stefndi sjálfur telur hægt að fallast á að einn reikningur hafi getað talist framvindureikningur, en það sé nr. 11628, sem virðist gefinn út í október 2020, en um þetta eru gögn nokkuð óljós, handskrifaður reikningur ber yfirskriftina: “Áfangareikningur v. FVA sept. okt. 22.“ og er að fjárhæð 3.754.100 kr. fyrir 100 metra vinnu við steypubrot, viðgerðir og frágang þar sem

einingarverð var 37.541 kr. í samræmi við tilboð aðila. Stefndi kveðst ekki hafa fengið aðra reikninga sem mál þessa varðar fyrr en með innheimtuviðvörun frá lögmanni stefnanda í júní 2021. Stefnandi hefur ekki hnekt þessu, þótt framlagðir reikningar séu dagsettir frá lokum febrúar, mars og apríl 2021 og síðan þrjú reikningar sem gefnir eru út eftir að stefnanda var vísað frá verkinu í lok maí það ár.

150. Ágreiningslaust er að stefndi hefur greitt fjóra reikninga frá stefnanda vegna verksins, samtals að fjárhæð 7.066.980 kr., þ.e. framangreindur reikningur og svo til viðbótar reikningar vegna filtunar á útveggjum, bollaslípunar og háþrýstipvotts á sléttum flötum.

151. Þá hefur stefnandi ekki mótmælt þeirri samantekt stefnda að fjórir af þeim sex reikningum sem krafist er greiðslu á varða sama verkþáttinn og framangreindur reikningur nr. 11628. Þeir reikningar eru alls að fjárhæð 22.543.371 kr. og í öllum þeirra er krafist greiðslu fyrir vinnu við afmörkun steypuskemmdar, brot, viðgerðir ryðgaðra járna, járnending og steypa og lokun og alltaf fyrir allar útveggjaeiningar hússins, þ.e. 1-36, ekki sundurliðað frekar, nema eftir metrafjölda hverju sinni, alls 600 metrar. Síðustu tveir reikningarnir eru frá 28. maí 2021, vegna filtunarviðgerða að fjárhæð 1.360.885 kr. og reikningur fyrir steypubrot, hreinsun og förgun, þéttingu milli steyptra útveggjaeininga og brot á raufarsteypu milli útveggjaeininga sem er unnin samkvæmt tímavinnu m.v. reikninginn sem er að fjárhæð 866.293. kr.

152. Óumdeilt er að aðilar sömdu, þótt munnlega hafi verið, um ákveðið verk fyrir ákveðið verð. Meginskyldur í samningssambandinu voru því að stefnandi myndi ljúka við verkið og stefndi greiða fyrir það umsamið verð. Engar málsástæður stefnanda skírskota til þess að útboðsgögn hafi verið villandi eða ófullkomin.

153. Miðað við framangreindar en að vísu lauslegar áætlanir frá stefnanda sjálfum, sbr. tölvuskeyti hans til stefnda 3. nóvember 2020 og síðan 6. maí 2021, sem einnig fær stuðning í framburði eftirlitsmanns með verkinu, má draga þá ályktun, með vísan til gagna málsins, að þegar stefnandi hætti í verkinu hafi því verið ólokið að stórum hluta og jafnvel allt að helmingur þess. Ef miðað er við reikningsgerð stefnanda til þessa, bæði reikninga sem greiddir hafa verið og þá sem um er deilt, krefst stefnandi 31.837.529 kr. fyrir verkið miðað við stöðu þess þegar hann skildi við það. Vissulega er það svo að þeir verkþættir sem eftir voru hafa líkast til verið samkvæmt lægri einingarverðum, þ.e. miða verður við að dýrasta verkþættinum, þ.e. broti og steypuviðgerðum, hafi þá verið að mest lokið án þess að um það verði fullyrt. Hins vegar leiðir þetta til þess að endanlegur kostnaður við verk, sem

áætlað var að kostnaði rétt rúmar 10 milljónir króna með virðisaukaskatti, gæti þá hafa numið á bilinu 40-60 milljónir króna gróflega áætlað, en stefndi nefnir síðari töluna sem líklegri miðað við forsendur stefnanda. Umfang verksins hafi þannig reynst fjórum til sex sinnum umfangsmeira en upphaflega var gert ráð fyrir. Hér vekur einnig óneitanlega athygli að svo virðist sem á stundum hafi einungis ein starfsmaður verið á verkstað á vegum stefnanda, oftar samkvæmt framburði stefnanda tveir en sjaldnast þrír og verður það að teljast vel í lagt án nákvæms rökstuðnings, að krafa skuli gerð um greiðslu á rúmlega þrjátíumilljónum krónum fyrir u.þ.b. tveggja og hálfis mánaðar vinnu í þessu horfi.

*„Ryðguð járn og kantur í sléttum fleti“*

154. Ágreiningslaust er að hryggjarstykkið í aukinni kröfugerð stefnanda í málinu vegna verksins er verkliðurinn „Ryðguð járn og kantur í sléttum fleti“. Hann átti að kosta samkvæmt samningi aðila 2.815.575 kr., þ.e. 75 lengdarmetrar á 37.541 kr. hver metri. Niðurstaðan varð krafa að fjárhæð 26.297.471 kr. sem miðast þá gróflega við rétt rúma 700 metra, eða næstum tífalda áætlun á magni og þar með kostnaði.

155. Hvernig sem á það verður litið telur dómurinn blasa við að til að slík kröfugerð gangi upp þurfi sá sem kröfuna gerir jafnan að bera sönnunarbyrði fyrir því að hún sé sanngjörn og eðlileg og í samræmi við það sem um hafi verið samið. Ella þurfi viðkomandi að sanna að viðsemjandi hans hafi sannanlega búist eða mátt búast við því að krafa yrði til muna og eins og hér um ræðir margfalt hærra en upphaflegt og umsamið verð.

156. Fyrir liggur að engar sameiginlegar magntökur hafa farið fram undir framkvæmd verksins. Ef slíkar hafa farið fram að hluta til hafa þær ekki skilað sér inn í málið, en hallann af því verður stefnandi að bera. Þær magntölur sem stefnandi byggir á eru unnar af honum einhliða og eftir á. Þótt svo virðist sem þær séu byggðar í grunninn á samtímaheimildum, ef þannig má að orði komast, þá er ósannað að stefndi hafi mótttekið þessar upplýsingar fyrr en eftir að stefnandi leitaði með kröfur sínar til lögmanns. Þá er vafalaust að mati dómsins að þær komu stefnda, sem og síðar eftirlitsmanni verksins, algjörlega í opna skjöldu.

157. Fyrir þann tíma eða í júní 2021, þegar stefnanda hafði verið vikið frá verkinu og um átta mánuðum frá því að vinnan var unnin, hafði engin krafa í nokkrum skyldleika við kröfu þessa máls litið dagsins ljós. Samskipti aðila um einhverja magnaukningu á meðan verkið var í vinnslu eru afar óljós og benda jafnvel frekar en hitt til þess að magnaukning hafi ekki verið umtalsverð. Síðbúin kröfugerð stefnanda

bendir einnig eindregið til þess.

158. Ósannað er að verkið hafi verið unnið af stefnanda næstum alfarið eftir einhvers konar merkingum eftirlitsmanns með verkinu fyrir hönd verkkaupa á viðgerðum sem ætti að sinna, og að stefnanda hefði verið nauðugur sá kostur að fylgja þeim merkingum sem hafi leitt til meira umfangs og breytinga á verkinu. Fyrir þessu eru engin gögn sem geta skipt sköpum og engin slík aðkoma eftirlitsmanns sjáanleg sem getur réttlætt svo nokkru nemi kröfur stefnanda í málinu. Stefnandi hefði einnig undir slíkum kringumstæðum átt að bregðast við gagnvart viðsemjanda sínum, þ.e. stefnda í málinu, en ekkert liggur fyrir um aðkomu stefnda sérstaklega að þeim meintu merkingum.

159. Fullyrðingar í stefnu málsins, um að allar framangreindar viðgerðir, sem birtast á ótal ljósmyndum og skýringum með þeim, séu merktar og umbeðnar af stefnda og verkkaupa, eru þannig ósannaðar og virðast í samburði við önnur gögn málsins í raun úr lausu lofti gripnar. Vissulega eru vísbendingar um einhverjar merkingar eftirlitsaðila með verkinu en engu slíku magni sem stefnandi virðist byggja á er til að dreifa eða nokkuð sem gefur til kynna að stefndi hafi ætlast til þess að slíkt verklag yrði viðhaft og eftir því greitt eða að stefnandi hafi samþykkt það. Þessi meginmálsástæða stefnanda fyrir því að stefnda beri að greiða fyrir þessa meintu magnaukningu stenst þannig að mati dómsins ekki og verður hafnað. Í þeim efnunum verður ekki séð að tilvísun stefnda til bókunar á verkfundi í bréfi 19. september til stefnanda, hafi markað þáttaskil í málinu og varpað sönnunarbyrði yfir á stefnda varðandi magnaukningu og meinta vitneskju um slíka, enda með öllu ósannað sbr. framangreint að reikningar stefnanda byggist alfarið á slíkum merkingum eftirlitsaðila, sem virðist reyndar fjarri lagi. Þá telur dómurinn enga viðurkenningu fölgna í því af hálfu stefnda þótt hann hafi greitt fyrsta reikning vegna framangreinds verkliðar þrátt fyrir að hann hafi verið fyrir 100 metra í stað þess að takmarkast við 75 metra sem samningur aðila miðaðist við, eða að greiðsla stefnda á reikningnum hafi gefið stefnanda minnsta tilefni til að ætla að hann gæti að meinalausu innheimt fyrir 600 metra í viðbót.

160. Þegar upp er staðið blasir þannig við að engar formlegar eða aðrar sannlegar tilkynningar bárust á verktíma eða án ástæðulauss dráttar til stefnda um magnaukningu og þá öllu heldur umfang slíkrar og ekkert liggur fyrir um að stefndi hafi nokkru sinni samþykkt magnaukningu og þá greiðslu fyrir hana. Dómurinn telur ótvírætt að skylda hafi hvílt á stefnanda í þessa veru svo að stefndi hafi átt kost á að bregðast við með afgerandi hætti. Óljósar athugasemdir á verktíma um mögulega magnaukningu duga ekki til andspænis þeirri sem endurspeglast í kröfum stefnanda í dag. Með því að sinna þessari

tilkynningarskyldu sinni og gera viðsemjanda sínum viðvart, svo að hann gæti gripið til ráðstafana, glataði stefnandi rétti til að krefjast greiðslu umfram það sem af samningi hans við stefnda leiddi.

161. Með vísan til þessa verður gegn andmælum stefnda að telja ósannað að stefnandi hafi unnið jafn mikið í verkinu og hann fullyrðir og jafnframt er ósannað að magntölur í verkinu hafi verið stórlega vanmetnar. Annað grundvallaratriði er að telja verður ósannað að stefnandi hafi búið svo um hnútana og gætt að upplýsingaskyldu sinni gagnvart stefnda með þeim hætti að hann geti með réttu krafið stefnda um kostnað vegna þessarar meintu magnaukningar. Sú upplýsinga- og tilkynningaskylda var ótvíræð og sýnu mikilvægari í ljósi þess hversu gríðarlega mikil aukningin var samkvæmt stefnanda.

162. Jafnvel þótt gengið yrði út frá því að verkið hafi verið jafn umfangsmikið og stefnandi byggir á og að hann hafi eftir atvikum getað að réttu lagi krafið stefnda um aukagreiðslu vegna þess, telur dómurinn að slík krafa hafi þá fallið niður fyrir tómlætissakir. Í verktakarétti hefur almennt verið litið svo á að tómlæti hafi alvarlegri og skjótari verkan en almennt í kröfurétti. Þá reglu verður að telja gilda eindregið þegar um yfirstandandi verklegar framkvæmdir er að ræða með augljósum rökum. Í því sambandi telur dómurinn rétt að halda því til haga að eindregið verður ráðið af málatilbúnaði stefnda að byggt sé á tómlæti stefnanda og er það gegnumgangandi í málinu þótt ekki sé notað það hugtak sérstaklega.

163. Öllum kröfum stefnanda vegna „magnaukningar vegna ryðgaðs járn og kanta í sléttum fleti“, sbr. a-lið í stefnu málsins, verður því hafnað. Þessi niðurstaða verður leidd af framangreindum ákvæðum í útboðsskilmálum verksins sbr. ÍST:30, sem dómurinn telur að hafi gilt við framkvæmd verksins en fær sjálfstæðan stuðninga af almennum reglum verktaka- og kröfuréttar.

*Aðrir reikningar sem krafist er greiðslu á*

164. Þá standa eftir reikningar sem nánar er lýst undir b- og c-liðum stefnu og eru gefnir út í lok maí 2021, eða sama dag og stefnanda var vikið frá verkinu. Ósannað er þó að þessir reikningar hafi borist fyrir en eftir að stefnandi fól lögmanni innheimtu krafanna, sbr. framangreint.

165. Annars vegar er þar um að ræða reikning (b) vegna filtunar að fjárhæð 1.360.886 kr. fyrir 235 fermetra. Sú krafa er einnig byggð á magnaukningu samkvæmt stefnanda. Fyrir liggur þannig í málinu að stefnandi gaf út reikning nr. 11636 í janúar 2021 vegna filtunar á 280 fermetrum sem var það magn sem ráðgert var samkvæmt útboðsgögnum. Sá reikningur að fjárhæð 1.621.480 kr. var greiddur. Um

sjónarmið varðandi meinta magnaukningu verður vísað til framangreinds, en þó athugast að stefnandi gerði fyrirvara í þeim reikningum um að magn væri áætlað og gæti lækkað eða hækkað eftir mælingu. Það virðist á þeim tíma í óvissu og stefndi mátti þannig jafnvel eiga von á lækkun. Ósannað er að vinna vegna fíltunar hafi reynst umfangsmeiri og raunar ýmislegt sem bendir til þess að talsvert hafi skort á gæði á fíltun sem stefnandi þó vann. Ábending stefnanda til stefnda í framangreindri orðsendingu frá 27. október 2020, um hugsanlega aukafíltun, megna ekki að réttlæta þennan reikning að mati dómsins sem á sér ekki skírskotun til sammings aðila, enda ekki á því byggt. Að auki dregur það úr trúverðugleika um nákvæmni reikningsins hversu langt eftir að meintri vinnu lauk, reikningurinn var sendur. Þá standa einhver rök til þess að umrædd vinna hafi verið unnin af öðrum en stefnanda, þ.e. þeim aðila sem stefndi þurfti sannanlega að kalla til til að ljúka verki stefnanda sumarið 2021. Dómurinn telur því óhjákvæmilegt að sýkna stefnda af greiðslu þessa reiknings.

166. Hins vegar (c) er um að ræða reikning vegna steypubrots, hreinsunar og förgunar raufasteypu og bakfyllingar og kítisþéttingar milli útveggjaeininga að fjárhæð alls 866.293 kr.

167. Krafist er greiðslu fyrir brot á raufarsteypu milli steyptra útveggjaeininga á grundvelli tímagjalds, 39 klukkustundir á 8.855 kr. tíminn eða alls 345.345 kr. Stefnandi byggir á því að þetta sé honum tækt þar sem stefndi hafi áður samþykkt tímagjald samkvæmt tilteknum reikningi sem hafi verið greiddur. Dómurinn telur einmitt að það undirstriki þvert á móti að stefnandi geti ekki gert kröfu um tímagjald nema hann afli samþykkis frá stefnda, en stefndi hafnar greiðslu á grundvelli tímagjalds samkvæmt þessum reikningi. Um er að ræða viðbótarverk að sögn stefnanda sjálfs sem ekki styðst við útboðslýsingu og stefndi hafnar því að um þetta hafi náðst samkomulag líkt og stefnandi staðhæfir. Ekki hefði sakað að nákvæmari lýsing væri á þessu verki og því hvenær það hafi verið framkvæmt. Stefndi bendir síðan til viðbótar á að „vinna við þéttingu milli útveggjaeininga“ hafi verið hluti af verkinu skv. útboðslýsingu og því átt að rúmast innan umsaminnar sammingsfjárhæðar. Þá bendir stefndi á að stefndi hafi sjálfur annast förgun á úrgangi og stefnandi geti því ekki krafist greiðslu fyrir þann þátt. Óhjákvæmilegt er með vísan til framangreinds að hafna þessum hluta af reikningi stefnanda nr. 11654.

168. Á hinn bóginn hefur stefndi lýst sig reiðubúinn að greiða fyrir vinnu við þéttingu útveggjaeininga, 45 metra, eins og tilboð kvað á um á umsömdu einingarverði, 7.990 kr., en hafnar greiðslu fyrir vinnu umfram útboðslýsingu. Verður því fallist á greiðsluskyldu stefnda á alls 359.550 kr. samkvæmt framangreindu. Með vísan til framangreinds verður að hafna greiðslu fyrir 16,2 umframmetra enda

liggur ekki fyrir samþykki stefnda á því og vanreifað að auki hvernig þetta umframmagn kom til.

169. Í málinu vekur athygli að einungis einu sinni miðað við framlögð gögn málsins sendi stefnandi svokallaða tilkynningu um kostnað og áhrif vegna aukaverks, úr framangreindu „gæðakerfi við mannvirkjagerð“, að fjárhæð 253.650 kr. 30. ágúst 2020, vegna verks sem unnið var seinni hluta ágústmánaðar 2020. Þar var um að ræða niðurtöku á ýmsum búnaði á húsinu, sbr. framangreint, „samkvæmt fyrirmælum eftirlitsmanns verkkaupa“. Þessi framgangsmáti varpar nokkru ljósi á það sem eftir fylgdi, sem var, sbr. framangreint, algjör skortur á slíkum tilkynningum og yfirlitum yfir aukaverk eða magnaukningu. Reikningur vegna þessa að fjárhæð 253.650 kr. var þó ekki gerður fyrr en í janúar 2021, en hefur verið greiddur.

179. Þarna er dæmi um framgangsmáta sem ásamt öðrum og vandaðri samskiptum við stefnda hefði tryggt stefnanda greiðslur fyrir aukaverk, ef hann hefði staðið rétt að málum á verktíma, eða ella að þau verk yrðu ekki unnin. Á þessu verður stefnandi sem vann verkið að bera ábyrgð en ekki sá sem bað hann um það.

172. Samkvæmt framangreindu ber stefnanda að standa stefnda skil á 359.550 kr. en verður sýknaður af öðrum kröfum hans í aðalsök.

#### *Gagnsök*

173. Stefndi höfðaði gagnsök með stefnu útgefinni 25. nóvember 2021. Kröfur stefnda þar eru að stefnandi greiði honum annars vegar skaðabætur vegna galla á verkinu, einkum vegna ófullnægjandi filtunar á útveggjum, og hins vegar skaðabætur vegna þess að stefndi hafi þurft að greiða verkkaupa, íslenska ríkinu, tafabætur að fjárhæð 900.000 kr.

#### *a. Galli á filtun*

174. Fallast verður á með stefnanda, þ.e. gagnstefnda, að kröfur stefnda á grundvelli galla í verkinu vegna filtunar séu vanreifaðar. Ekki er með góðu móti hægt að greina orsakasamband á milli meintra vanefnda stefnanda og þess að stefndi þurfti að greiða vegna þeirra þá reikninga sem hann krefst að stefnandi bæti sér. Vissulega sér þess merki víða í málinu að stefnandi hafði fengið ýmsar og ítrekaðar kvartanir vegna filtunar. Til dæmis má hér vísa til tölvuskeytis eftirlitsmanns með verkinu til stefnda 27. maí 2021 og skeytis stefnda til stefnanda sama dag sem fjallar mikið til um filtun. Ekki er ástæða til að fjölyrða um þessi samskipti undir framkvæmdinni allri.

175. Af gögnum málsins og framburði fyrir dómi verður ráðið að stefndi hafi sannanlega þurft að greiða málarameistara sem einnig annaðist múrverk til að ljúka verkinu eftir að stefnandi hætti. Í því sambandi athugast að reikningar HH Málunar ehf., sem kröfur stefnda grundvallast á, eru annars vegar „vinna við múrverk“ með tímaskýrslum þar sem skýringar eru „endurfitun (sic!) veggeininga“ og hins vegar reikningur „unnið við múrvinnu“ þar sem skýringar eru að hluta „Filta viðgerðir svo þær falli að áferð veggja“ og hins vegar „klára ófrágengnar viðgerðir“. Af þessu verður ekki glögglega ráðið hvað af þessari vinnu hafi verið vegna meintra galla á vinnu stefnanda en heldur ekki hvort sú hafi verið raunin, þ.e. að um gallaða vinnu hafi verið að ræða. Þá hlýtur að vekja athygli, og reyndar nokkrar spurningar um málið í heild, að samkvæmt verklýsingu nam verkliðurinn filtun veggja 1.621.480 kr. en krafa vegna lagfæringa að sögn gagnstefnanda næstum tvöfaldri þeirri fjárhæð. Engin gögn utanaðkomandi aðila liggja fyrir sem staðreyna þetta eða yfirferð með stefnanda yfir einstaka hluta verksins, m.t.t. ágalla á verkinu, en þar verða vitaskuld gerðar áþekkar kröfur til stefnda líkt og til stefnanda í gagnsök um tilkynningarskyldu og að gefa gagnaðila kost á andmælum. Dómurinn telur því enga leið til að fella réttan dóm á þessar kröfur gagnstefnanda, þótt líkur hafi verið leiddar að því í málinu að einhverjir ágallar hafi verið á filtun. Verður þessum kröfum vísað frá dómi án kröfu á grundvelli vanreifunar.

#### *b. Tafabætur*

176. Allur málatilbúnaður stefnanda, þ.e. gagnstefnda, varðandi kröfur á grundvelli tafabóta byggist á því að enginn samningur hafi verið á milli aðila um að greiddar skyldu tafabætur við ákveðin skilyrði, í stað þess að verjast skaðabótakröfu stefnda, þ.e. gagnstefnanda, á þeim grunni að um bótakröfu sé að ræða. Þannig verður ekki annað séð en að krafan byggist eðli máls samkvæmt á bótakröfu á grundvelli þess að aðalverktaki málsins, stefndi í aðalsök, þurfti að greiða tafabætur til verkkaupa vegna sannanlegra tafa á verkinu. Ræðst þetta mögulega af því að krafan er að hluta óskýr með þetta, þ.e. hvort hún byggist á samningssambandi aðila eða sé bótakrafa utan samninga. Að auki eru gögn um greiðslu stefnda, gagnstefnanda, á tafabótum óljós að mati dómsins, án þess að það skipti sköpum í ljósi varna gagnstefnda og niðurstöðu dómsins í gagnsök.

177. Með öllu er síðan vanreifað hvernig tafir á verkinu verði þá að öllu leyti raktar til vanefnda undirverktaka verksins, þ.e. stefnanda í aðalsök, þannig að hann verði gerður ábyrgur fyrir þeim. Af heildarmati á atvikum málsins verður ráðið að þar geta margvíslegar ástæður legið að baki, m.a. er alls ekki loku fyrir það skotið að einhverjar tafir hafi orðið vegna raunverulegrar magnaukningar í

málinu sem sannanlega virðist hafa verið einhver þótt aðalstefnandi hafi af öðrum ástæðum ekki getað kafið aðalstefnda um greiðslu vegna þeirra. Skaðabótakröfu á þessum grundvelli verður því einnig að telja vanreifaða, og sama myndi gilda ef krafan væri í raun byggð á meintri samningsskyldu gagnstefnda í þessum málum.

178. Gagnsök málsins verður því í heild vísað frá dómi án kröfu.

#### *Niðurstaða málsins samandregin og málskostnaður*

179. Í aðalsök málsins verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda utan hluta af kröfu samkvæmt reikningi nr. 11654 að fjárhæð 359.550 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá því einum mánuði eftir að innheimtuviaðvörðun var send stefnda, eða frá 9. júlí með hliðsjón af meginreglu 3. mgr. 5. gr. laganna.

180. Málskostnaður verður ákveðinn í einu lagi í aðal- og gagnsök. Stefndi verður, sbr. framangreint, sýknaður af öllum kröfum stefnanda í aðalsök utan kröfu sem hann hafði sjálfur fallist á að honum bæri að greiða. Hins vegar verður varðandi málskostnað litið til þess að líkt og að framan er rakið var ekki gerður skriflegur samningur í málinu en um vanhöld þar verður að telja stefnda bera meiri ábyrgð í samningssambandinu sem aðalverktaki og viðsemjandi verkkaupa í verkinu, líkt og kveðið er reyndar á um í útboðsskilmálum sbr. t.d. lið 0.3.5. Slíkur samningur hefði verið til þess fallinn að koma jafnvel með öllu í veg fyrir þau deilumál sem síðar risu. Einnig blasir við að einhverjar breytingar urðu á verkinu og jafnvel líkur á því að magnaukning hafi raunverulega orðið einhver frá verklýsingu. Með vísan til þessa en einnig með hliðsjón af því að kröfum stefnda, gagnstefnanda í gagnsök, er vísað frá dómi án kröfu telur dómurinn rétt að málskostnaður milli aðila falli niður, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

181. Réttargæslustefndi gerði engar kröfur í málinu og engar kröfur voru gerðar á hendur honum.

182. Leó Daðason lögmaður flutti mál þetta fyrir hönd stefnanda og stefnda í gagnsök og Magnús Pálmi Skúlason lögmaður fyrir hönd stefnda og stefnanda í gagnsök. Ólafur Helgi Árnason lögmaður flutti málið fyrir réttargæslustefnda.

Dóm þennan kveður upp Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari.

## D Ó M S O R Ð

Stefndi í aðalsök, GS Import ehf., nú Trésmiðja Þráins E. Gíslasonar ehf., greiði stefnanda, Skagaveri ehf., 359.550 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. júlí 2021 til greiðsludags.

Kröfum gagnstefnanda í gagnsök er vísað frá dómi.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Lárentsínus Kristjánsson